

Skatturinn dembdi skuld á gjaldþrota öryrkja

Ég á ekkert

31. JANÚAR 2020 / 5. TBL. 110. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

Hollywood endurgerðir í lausu lofti

NÆRMYND

DRV

SÖNGELSKA LÖGGAN SEM VARD ÚTVARPSSTJÓRI

„ÉG DREP ÞIG NÆST ÞEGAR EG SE ÞIG!“

■ Bjó við ófremdarástand á heimili sínu ■ Segir Guðmund Frey hafa ráðist á sig ■ „Ég vissi að þetta ætti eftir að enda á einhvern hræðilegan hátt“

MARGT ÓSAGT

■ Starfslokin komu Guðmundi í opna skjöldu ■ „Starfið kveikti í mér eldmóð“

„Þetta er það erfiðasta sem ég hef gert“

■ Ágústa Eva um listina og lífið



KOMDU Á SKÍÐI

SKÁLAFELL OPNAR Í DAG

Opnunartími í Skálafelli

Laugardagar 10:00 - 17:00

Sunnudagar 10:00 - 17:00

SKÍÐASVÆÐIN



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara

Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Fleyg oró

„Það er ekkert ómögulegt í lífinu. Orðið er ekki einu sinni neikvætt, í því segir: Ó, mögulegt!“

– Audrey Hepburn

Á þessum degi, 31. janúar



1881 – Kirkjan á Núpi í Dýrafirði fauk á haf út í fávíðri.



1926 – Fyrstu útvarpsútsendingar í tilraunaskyni fóru fram á Íslandi þegar H.f. Útvarp hóf útsendingar.



1971 – Mannaða geimfarið Apollo 14 lagði upp í ferð til tunglsins.



1981 – Bandaríski stórsöngvarinn Justin Timberlake fæddist.



2012 – Sprengja var sprengd við Hverfisgötu, skammt frá Stjórnarráðs-húsinu.

Færast hiti í leikinn
Zendaya og Tom Holland í hlutverkum sínum í Spider-Man: Homecoming frá árinu 2017.



Köngulóarmaðurinn á Íslandi

■ Ísland hugsanlega Rússland í Spider-Man 3 ■ Óljóst hvaða stjórnur mæta á klakann

Á dögunum gáfu stórrisarnir hjá Marvel Studios upp hvaða tókustaði stendur til að nota fyrir kvikmyndina Spider-Man 3 og verður Ísland þar á meðal. Þetta verður ekki í fyrsta skiptið sem Marvel Studios notar Ísland sem tókustað en Thor: The Dark World var einnig töluvert tekin upp hér á landi, en myndin kom út árið 2013 og fór vel um leikarana Chris Hemsworth og Tom Hiddleston meðan þeir dvöldu hér.

Sérfræðingar telja að ástæðan fyrir notkun Íslands sem tókustað tengist tilvönandi skúrki myndarinnar og þjóðerni hans. Hann ber heitið Sergei Kravinoff, en er betur þekktur sem Kraven og er af rússneskum uppruna. Sergei er af aðalsættum en fjölskylda hans flúði til Bandaríkjanna eftir rússnesku vetrarbyltinguna 1917. Markmið Sergeis er að veiða Köngulóarmanninn og drepa, til að sanna að hann sé besti veiðimaður veraldar.

Má geta þess að Ísland hefur

Ísland sem Rússland Skjáskot úr kvikmyndinni Fast & Furious 8.



áður verið í hlutverki Rússlands á hvíta tjaldinu, meðal annars í kvikmyndunum Tomb Raider og Fast & Furious 8, eða The Fate of the Furious. Í þeirri síðarnefndu, sem frumsýnd var árið 2017, voru senur teknar upp á Akranesi og Mývatni. Var mikill viðbúnaður og stórt tókulið sem fylgdi og var Akranesbær til að mynda undirlagður af skriðdrekum, sportbílum og þylrum um tíma.

Stjórnur prýdd

Jon Watts mun leikstýra næstu mynd um Köngulóarmanninn, hefur ekki enn fengið endanlegt nafn, og Tom Holland mun

fara með hlutverk Peters Parker sem fyrr. Fleiri leikarar hafa ekki verið staðfestir en búist er við því að þau Zendaya, Marisa Tomei og Jacob Batalon haldi áfram í hlutverkum sínum.

Myndin er væntanleg í kvikmyndahús í júlí á næsta ári.



5 hlutir sem gera Ísland best í heimi

Ísland er ekki fullkomið. Vanhæf ríkisstjórn, svimandi hátt matvöruverð, ekkert áfengi í matvöruverslunum og óútreiknanlegt veðurfar eru á meðal sívinsælla kvörtunarefna Íslendinga sem sumir hverjir sjá í hillingum að flytja af klakanum fyrir fullt og allt. En er grasið alltaf grænna hinum megin? Blaðamaður DV gerði óformlega könnun á meðal nokkurra Íslendinga sem búsettir hafa verið erlendis um árabil. Spurningin var: „Hvað er það sem þú saknar mest við Ísland?“ Hér eru fimm hlutir sem stóðu upp úr.

„Allt er mögulegt“

Þrátt fyrir að Ísland sé lítið land þá kunna Íslendingar að hugsa stórt og framkvæma hratt. Frásinn „þetta reddast!“ finnst hvergi annars staðar. Þetta viðhorf kann að vera lítið hornauga af öðrum þjóðum en það er ekki hægt að neita því að það hefur gert okkur kleift að takast á við áskoranir og verkefni sem virðast óyfírstíganleg.



Hreinleikinn

Óspillt náttúra er án efa það sem dregur langflesta ferðamenn hingað til lands. Kranavatnið okkar bragðast ekki eins og það komi beint úr klósettinu Og hver kannast ekki við að lenda á Íslandi eftir langt og gott frí erlendis og anda að sér tandurhreinna íslenska loftinu? Það má endalaust kvarta yfir íslensku veðurfari en íslenska loftið er tært.

Engar moskítóflugur

Ísland er eitt af þeim fáu löndum í heiminum þar sem engar moskítóflugur er að finna. Þeir sem hafa ferðast til heitari landa vita hversu pirrandi þessi ófögnuður getur verið, svo ekki sé minnst á minnismerkni sem þær skilja eftir sig. Við getum þakkað fyrir að listinn yfir skordýr sem geta lifað á Íslandi er tiltölulega stuttur og fæst þeirra bera með sér hættulega sjúkdóma.



Útisundlaugar

Þeir sem hafa heim-sótt útisundlaugar erlendis vita að þær standast ekki sam-anburð við íslensku laugarnar. Ólíkt Íslendingum eru erlend-ar þjóðir ekki hrifnar af því að hita upp sundlaugar. Íslenska sundlaugarmeningin er kaflí út af fyrir sig: skreppa með börnin í sund eða hlusta á stjórnálaumræður heldri manna í heita pottinum.

Fjölskylda og vinir

Hér er kominn sá hlutur sem hvað flestir sakna að heiman. Fólkið sem við elskum, sem elskar okkur. Fólkið sem hefur sama séríslenska húmorinn. Fólkið sem við deilum minningum með. Nútímatækni hefur gert heiminn minni og gert fólki kleift að eiga samskipti heimshorna á milli, en það verður að segjast að samtal við mömmu og pabba í gegnum tölvuskjá jafnast engann veginn á við það að sitja saman og snæða sunnudagslærið.



Skráning raunverulegra eigenda

Á grundvelli laga nr. 82/2019 um skráningu raunverulegra eigenda þurfa allir lögaðilar sem stunda atvinnurekstur hér á landi eða eru skráðir í fyrirtækjaskrá að skrá raunverulega eigendur sína inn á þjónustuvef Skattsins, ***www.skattur.is***

Frestur til skráningar er til

1. mars 2020

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Skattsins, ***www.rsk.is/raunverulegur***



Hver er hún



■ Hún er fædd árið 1992.

■ Hún útskrifaðist úr HÍ með BA-gráðu í listfræði og heimspeki.

■ Að eigin sögn varð hún „starstruck“ þegar hún hitti tónlistarmanninn DJ Khaled í Los Angeles.

■ Hún starfar sem plötusnúður hér á landi og ferðast einnig mikið erlendis við þá iðju.

■ Hún er virk á Instagram og hefur vakið mikla athygli fyrir aðgang sinn.

SVAR: DÓRA JÚLJA AÐNARSDÓTTIR

Það er staðreynd að...



William Shakespeare „fann upp“ á fleiri en 1.700 orðum.



Ótti við töluna þrettán kallast triskaidekaphobia.



Serbia tók í fyrsta sinn þátt í Eurovision sem sjálfstætt ríki árið 2007 og vann.



Að meðaltali snýtir fólk sér um 150 sinnum á hverju ári.



Ef jörðin væri flöt væri hún þakin vatni upp að 1,5 metra dýpt.

Brennimerktur barnaníðingur

■ Jón lagður í einelti af fylgjendum Trump ■ Logið upp á hann hræðilegum glæp fyrir að berjast gegn hatri

Jón Davíð Sawyer er Íslendingur af bandarískum uppruna sem búsettur er í bænum Eugene í Oregon-fylki. Auk þess að vera tölvuforritari er Jón mikill aðgerðarsinni í sínum heimabæ og leggur mikið upp úr því að skipta sér af svonefndum nýnasistum og Trump-stuðningsmönnum á mótmælum sem eru til stuðnings Bandaríkjaforseta og nýnasisma. Á dögnum leiddi samkoma til þess að Jón fann mynd af sjálfum sér í opnum Facebook-hópi þar sem skipuleggjendur upphotsins gerðu tilraun til þess að sverta mannorð hans og sögðu hann vera hættulegan barnaníðing.

Í samtali við DV segist Jón vera orðinn langþreyttur á þessari fjölgun nýnasista í Oregon, sem hófst um það leyti sem Trump var kjörinn, og segir svona viðburði oft samstanda af sama fólkinu. Þetta fólk er þarna samankomið til að dreifa hatursorðræðu og ofbeldishótunum.

„Meirihluti þeirra sem mæta á þessar Trump-samkomur hefur einnig verið duglegur að mæta á nýnasistafundi. Þessi uppgangur ofbeldisfólks í Oregon er yfirleitt kenndur við hópa sem sameinast undir merkjum Trump.“

Ýjað að öryggi barna

Að sögn Jóns hefur maður að nafni Paul Luhrs, einn af skipuleggjendum nýnasistasamkomunnar, sent honum hótanir í gegnum spjallforritið Messenger og hótað öllu illu. Í kjölfarið þess fóru aðrir skipuleggjendur að birta myndir af honum í hópum á samfélagsmiðlum sem er sérstaklega ætlað að opinbera nöfn og andlit dæmde kynferðisbrotafólks. Slíkum færslum var deilt víða en eftir tilkynningar einstaklingsins sem



efnið snerti voru þær fjarlægðar. Jóni blöskraði heldur betur þegar hann sá nafn sitt þarna opinberað með yfirskriftinni: „Þessi maður er grunaður um að misnota ótalmörg börn undir tólf ára aldri. Tryggið öryggi barna ykkar.“

Í kjölfar þessarar birtingar ákvað Jón að segja frá þessu einelti á eigin samfélagsmiðlum sem áminningu um það hversu langt hrottarnir hafa seilst til að reyna að koma í veg fyrir frekari afskipti á samkomunum.

„Ég á erfitt með að trúa öðru en að fleiri hafa lent í einhverju sambærilegu,“ segir Jón. „Þegar maður skoðar hvernig aðferðir Trump notar til að ljúga upp á mótherja sína og

Stuðningsmenn Trump mega ekki halda að þeir geti unnið

óvini er augljóst að um svipað mynstur er að ræða hjá hans fylgjendum.“

Kippir sér ekki upp við lygar

Jón á engan sakaferil að baki og líkir tilraunum Pauls til að sverta mannorð hans við misheppnaðan listgjörning. Jón kippir sér þó ekki upp við þær lygar sem meðlimir hópsins hafa verið að dreifa. Þvert á móti sér hann þetta sem skýrt merki um upphlaup af hálfu skipuleggjenda. Jón segir að það að Paul og hans teymi hafi birt myndir á þessum Facebook-síðum, með fullyrðingum sem halda ekki vatni lagalega séð, þýði að hann sé álitinn ógn við svona samkomur. Jón segist ekki ætla að gefast upp, sama hvað um hann sé sagt, og vonar að fleira fólk í Oregon safnist saman til að smána þetta fólk fyrir fjandskap sinn og fordóma.

„Stuðningsmenn Trump mega ekki halda að þeir geti unnið. Nú er ég helmingi líklegri til að mæta á fleiri svona samkomur til að skapa usla gegn svona hatri. Stundum þýðir ekkert annað.“ ■

Langt fram úr áætlun

Svarthöfði

Svarthöfði varð hugsi í vikunni eftir að hafa lesið kynningu Eflingar á kröfugerð félagsins í samningaviðræðum við borgina. Þar eru launakröfurnar settar í samhengi við braggann í Nauthólsvík sem olli nokkru fjadrafoki hér um árið. Bragginn var gott dæmi um kæruleysi opinberra stofnana í meðferð á almannaþé, um verkefni sem fóru langt, langt fram úr áætlunum. Nýlega var það Sorpa sem vakti ólgu vegna gegndarlausrar framúrkeyrslu. Það vekur Svarthöfða líka til umhugsunar. Þessi orð „langt fram úr áætlun“ eru að birtast okkur almenningi alltof oft. Svo oft að þetta er eiginlega orðið vandræðalegt. Opinberar framkvæmdir á Íslandi eru að verða smáanarblettur á samfé-



lagi okkar. Við erum ekki það stór þjóð. Svo til að kóróna þessa vituleysu þá er aðilum sem sýsla með fjármuni okkar almennings farið að finnast þetta bara ósköp edlilegt.


Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, hefur harðlega gagnrýnt skýrslu innri endurskoðunar vegna 1,4 milljarða framúrkeyrslu. Hann segir áætlunir meira að segja hafa staðist frekar vel svona í hlutanna samhengi. Enda greinilega orðið

svo ótrúlega hversdagslegt að áætlunir standist engan veginn, að það er eiginlega bara gert ráð fyrir því frekar en að þær standist. Og svo hversdagslegt að mönnum þykir nú eiginlega bara hálf bjánalegt að vera að gera eitthvað veður út af því.

Svarthöfði hefur enga sérfræðipekkingu á opinberum framkvæmdum eða endurskoðun en það væri kannski einhvers konar lausn að þegar fyrir séð er að eitthvað í áætlun

standist ekki, þá verði það regla að gerð sé ný áætlun og hún kynnt rækilega. Jafnvel kynnt almenningi. Hinu opinbera er hreinlega ekki treystandi fyrir þessu lengur.

Svarthöfði telur að áherslur ríkis og sveitarfélaga í hagræðingum og sparnaði ættu frekar að liggja í því að taka til í málaflöknum „opinberar framkvæmdir“, þá værum við kannski með starfshæfan Landspítala og leikskólafólki á mannsæmendi kaupi. Einkaaðilar geta farið í milljarða framkvæmdir án þess að fara í þrot. Af hverju getur hið opinbera það ekki? Kannski því starfsmenn og embættismenn hins opinbera bera enga fjárhagslega ábyrgð á þessum vandræðalegu framúrkeyrslum. Nei, það eru bara við, almenningurinn, sem borgar brúsann. ■



AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ FITNA?

Fræðslufundur um offitu 1. febrúar kl. 13.00

Fræðslufundur Íslenskrar erfðagreiningar um offitu verður haldinn laugardaginn 1. febrúar kl. 13.00 til 15.00 í húskynnum Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8. Fundurinn verður sendur út beint á Facebook-síðu Íslenskrar erfðagreiningar. Húsið opnar kl. 12.30, allir velkomnir.

BMI OG HEILINN / Kári Stefánsson

AF HVERJU ERUM VIÐ ÞYNGRI EN NÁGRANNAÞJÓÐIRNAR? / Ragnar Bjarnason

HVERSU ÞUNG VERÐA BÖRN FRAMTÍÐARINNAR? / Tryggvi Helgason

OFFITA SEM FÍKN / Þorgeir Þorgeirsson

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG / Alma D. Möller, landlæknir



ÍSLENSK
ERFDAGREINING

„Mér finnst ég bara vera útskúfaður ræfill“

■ Hundeltur af skattinum vegna endurákvörðaðra skatta ■ Á ekkert nema rúmið sitt

Erla Dóra
erladora@dv.is



Ég meina - þetta er endalaust kjaftshögg alltaf hreint. Það er alveg sama hvert þú leitar, þú færð aldrei almennileg svör. Enginn virðist vita neitt í sinn haus hvernig maður eigi að snúa sér í sambandi við hlutina,“ segir öryrki á sjötugsaldri sem stendur í ströngu við skattinn. Maðurinn, sem við skulum kalla Jón, skuldar skattinum rúmlega tvær milljónir króna vegna skattaákvörðunar fyrir árið 2014, þrátt fyrir að hann hafi verið lýstur gjaldþrota árið 2016.

Lokaðar dyr

Jón er í dag öryrki vegna ýmissa kvilla, meðal annars vegna slit- og vefjagigtar eftir langa ævi af erfiðisvinnu. Hann harkaði þó lengi af sér á vinnumarkaði en í kjölfar hrunsins fóru fjármálin í ógöngur. Hann sá sig því nauðbeygðan til að lýsa sig gjaldþrota árið 2016.

„Þá var ég með skattaskuld og mér var sagt að allt færi inn í gjaldþrotið. En ég er ekki enn kominn almennilega út úr þessu þroti. Ég er enn á svörtum lista eftir öll þessi ár, það er árið 2020 núna. Eftir tvö ár átti ég að vera frjálst til að byrja lífið upp á nýtt. En það fór aldeilis ekki þannig. Það er kannski vegna þess að ég er öryrki og hef ekkert bolmagn til að berjast fyrir mínum rétti. Það hlustar enginn á mig og það er alveg sama hvert ég sný mér, ég kem alls staðar að lokuðum dyrum. Það hefur enginn tíma til að hlusta eða veita einhver ráð. Það er eins og maður sé ekki til í þjóðfélaginu.“

Skattaskuldinni var lýst í þrotabúið sem reyndist eignalaust. Ári eftir gjaldþrotið barst tilkynning frá skattinum. Skattar vegna tekjuársins 2014 höfðu verið endurákvörðaðir. Þar með væri kominn ný skuld, sem ekki félli undir gjaldþrotið, þrátt fyrir að eiga rætur að rekja til sömu skuldar og lýst var í búið.

Afturvirk skuld

„Já, þetta kom mér svolítið á óvart. Að fá svona bréf. Svo fór ég að spyrjast fyrir um hvað þetta væri og þá var mér sagt að ég gæti ekki borgað krónu inn á þetta, þá fengi ég alla skuldina, líka það sem lýst var í þrotabúið, aftur í andlitið. En það hvarflaði aldrei að mér að þetta færi svona.“

Sjónarmið skattsins er að við endurákvörðun sem þessa þá stofnist krafan í reynd við endurákvörðunina, en miði ekki við tekjuárið sem hún verður til vegna. Þar sem fyrningartíma krafna í þrotabúi Jóns var ekki lokið þá var Jóni bent á að ef hann færi að greiða inn á þessa nýju skuld, eða semja um hana, ætti hann á hættu að rjúfa fyrningu eldri kröfunnar og þar af leiðandi gæti skatturinn haldið áfram að rukka hana.

Jón kærði ákvörðun Ríkisskattstjóra til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, en niðurstaðan var sú sama. Hann þyrfti að greiða þessa endurákvörðuðu skuld. Jón kom því skuldugur út úr gjaldþroti.

„Ég fékk bara bréf. Sem ég skildi ekki og fór með til lögmanns sem var svo yndislegur að fara yfir þetta fyrir mig og senda þeim bréf. Þá fékk ég þessa skýringu; að það var gerð afturvirk skattabreyting árið 2017 á skattaákvörðun frá 2014. Ég hélt að þetta

Ég vona bara að þetta blessaða fólk verði aldrei fullorðið eða veikist

væri bannað, en ég fæ hvergi svör um það hvernig megi breyta hlutunum svona á afturábak.“

Mistök endurskoðanda

Endurákvörðunina má rekja til mistaka sem áttu sér stað við framtal. Jón hins vegar gerði framtalið ekki sjálfur. Á þeim tíma hafði hann verktakalaun og treysti sér ekki til að sjá sjálfur um skattamálin.

„Ég taldi ekki eitt né neitt fram. Ég fór bara með allt mitt til endurskoðanda. Ég treysti því bara 100% að það væri allt rétt sem kæmi frá endurskoðandanum. En lögmaðurinn segir að þarna hafi einhver mistök verið gerð. Það sem kemur mér mest á óvart er að það sé hægt að gera þessa breytingu svona á afturábak og koma fólki í fangelsi skulda. Mér finnst þetta virka eins og einhver geðþóttaákvörðun hjá þessu fólki. Ég verð bara í sama fangelsinu það sem ég á eftir ólífað því ég á engan pening til að borga þetta. Ef ég ætti pening til að fara aftur í þrot myndi ég skoða að gera það. En ég á hann ekki til.“

Má éta það sem úti frýs

Jóni fannst þessi ákvörðun skattsins engan

vegin geta staðist og leitaði til starfsfólks skattsins eftir ráðum. En fékk hann þar einhverjar leiðbeiningar, einhver ráð?

„Nei, ég fékk engin önnur svör en þau að ég yrði bara eltur. Þeir mega svo sem koma heim til mín og taka það sem ég á þar. En ég á ekkert í mínu innbúi. Dóttir mín á einn sófa og vinur minn annan. Ein vinkona mín á sjónvarpið, strákurinn minn á þrjá gítara sem eru þarna. Það eina sem ég á er rúmið og þeir mega bara taka það. Það er það eina sem ég á.“

Nýja lífið sem átti að taka við eftir gjaldþrotið kom aldrei. Nú hefur skatturinn gert árangurslaust fjárnám hjá Jóni vegna skuldarinnar, og hann sér ekki fram á að komast nokkurn tímann af svörtum láns-hæfislistum.

„Af því að ég er öryrki þá svona eiginlega má ég bara éta það sem úti frýs. Mér finnst ég bara vera útskúfaður ræfill. Fyrir öllum. Ég fæ það á tilfinninguna að ég sé ekki þess virði að segja hæ við. Það er það viðhorf sem mætir mér þegar ég þarf að leita mér aðstoðar einhvers staðar í kerfinu. Ég vona bara að þetta blessaða fólk verði aldrei fullorðið eða veikist.“ ■



Rekstrarumsjón

LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!



STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

MARIA BAPTIST

→ **BEINT FRÁ BERLÍN**

23. febrúar

Kl. 20.00

Silfurberg



Suðurlandsbraut 14
2. hæð

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frijáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

BIRTINGUR
ÚTGAUFUFÉLAG

sýn

Meiri sviptingar

Nýlega festi Torg ehf., útgáfufélag Fréttablaðsins, kaup á DV og því sem miðlinum fylgir. Enn á eftir að samþykkja kaupin hjá Samkeppniseftirlitinu en áður hefur Torg keypt fjölmiðilinn Hringbraut. Nú gengur sú saga fjöllum hærra að Sýn, sem rekur til að mynda sjónvarpsstöðina Stöð 2, útvarpsstöðvarnar Bylgjuna, X-ið og FM 957 og heldur úti fréttavefnum Vísi, ætli að kaupa Birting útgáfufélag, sem gefur út tímaritin Vikuna, Gestgjafann og Hús og hóbýli og fríblaðið Mannlíf. Ljóst er að tímaritarekstur gefur ekki mikið í aðra hönd og skilur rekstraraðila frekar eftir í mínus og því verður forvitnilegt að sjá, ef satt reynist, hvort tímaritaútgáfunni verður haldið áfram eða hún lögð af.

Óvinsælt að vera lögga

Kompás greindi frá því í vikunni að lögreglumönnum hafi fækkað undanfarið ár. Háskólanám lögreglufræða hefur ítrekað sætt gagnrýni síðustu ár, einkum hvað varðar ströng skilyrði um líkamlegt og andlegt atgervi nemenda. Til að mynda hefur kvíði gert það að verkum að nemendur þurfi að hverfa frá. Hlutfall ómenntaðra lögreglumanna og lögreglumanna í afleysingum hefur hins vegar farið hækkandi. Góð og öflug lögregla, skipuð hæfu fólki er grundvöllur þess að almenningur megi finna fyrir öryggi. Við leyfum nemum að starfa við löggæslustörf, en þeir sömu nemar eru svo ekki metnir hæfir til að gegna sama starfi í formlegu starfsnámi. Eru síðan engir lögreglumenn sem greinast með líkamlega eða andlega kvilla að námi loknu? Eða skiptir það kannski bara máli meðan á náminu stendur?



Lifað í gegnum linsuna Ferðamenn hafa þarna komið auga á eitthvað merkilegt.

Viðvörðunarbjöllumar öskra

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Nýr útvarpsstjóri var ráðinn í vikunni, sem hefur líklega ekki farið framhjá neinum. Síðan þá hafa samsæriskennningar blossað upp hægri vinstri, einmitt um hægridd og vinstrið og hvernig ráðningin sé enn eitt plottid í flókinni og útsmoginni fléttu Sjálfstæðisflokksins. Áður en útvarpsstjóri var ráðinn voru ýmsar samsæriskennningar á lofti um ráðninguna þótt engum samsæriskenningsmið hafi dottið í hug að Stefán Eiríksson myndi hreppa hnossið. Samsæriskennningar eru orðnar svo margar að flestir eru væntanlega búnir að tyna þræðinum og fussa bara og sveia.

Það er ekki skrytið að þessar samsæriskennningar spretti upp eins og gorkúlur. Stjórn RÚV ákvað, eftir að hafa ráðfært sig við ráðningarfyrtækið Capacent, að birta ekki lista yfir umsækjendur og er alls kostar óvíst hvort það standist lög og reglur um opinberar stofnanir. Það var því ljóst frá upphafi ráðningarferlisins að hver sem ráðinn yrði myndi verða umdeildur. Vissulega hefur almenningur fengið að heyra nokkur nöfn af þeim rúmlega fjörutíu sem sóttu um, en enn vantar inn í heildarmyndina.

Sú leynd yfir þeim sem sóttu um eitt mest áberandi starf landsins býður upp á samsæriskennningar, purk og pískur og gerir ofboðslega lítið til að fylla almenning því trausti sem ráðamenn í landinu eru sífelld að falast eftir, án þess að lyfta svo mikið sem litla fingri til að öðlast það.

Þrátt fyrir allt þetta, þrátt fyrir að nýr útvarpsstjóri, alveg sama hvað fólki finnst hann æðislegur, frábær og meiriháttar næs gaur, þurfi nú að lesa um sig endalausar kenningar og upplognar eða sannar skoðanir og pólitískar meiningar, þá finnst nýjum útvarpsstjóra bara fínt að þessum lista skyldi hafa verið haldið leyndum. Hann skilur þá afstöðu stjórnar RÚV fullkomlega. Þá byrja viðvörðunarbjöllum mínar að hringja, þótt mér finnst hann bera af sér góðan þokka þá ég þekki manninn ekki neitt.

Viðvörðunarbjöllumar mínar klingdu síðan enn hærra þegar kom í ljós að nýr útvarpsstjóri vill ólmur halda RÚV á auglýsingamarkaði. Það lá við að hljóðhimna mín spryngi þegar hann viðraði þessar áætlanir sínar því í mínum huga er vera RÚV á auglýsingamarkaði algjörlega galin, ekki síst vegna þess að markaðsöflin á RÚV hafa seilst sífelld lengra til að blóðmjólka markaðinn. RÚV meðframleiðir sjónvarpsefni sem síðan er selt til rísa eins og Netflix og RÚV fær sinn hluta af kökunni.

Framleiðir efni þar sem laun þáttarstjóranda eru greidd af fjármálaafyrirtækjum úti í bæ. Efnið er samt auðvitað ekki kostað, því það má ekki á RÚV. Markaðsólkið á RÚV er búið að finna gloppu í kerfinu, í þeim ramma sem RÚV þarf að vinna innan, og ætlar að mala úr þessari gloppu skínandi fagurt gull. Þá er hægt að halda uppi heilli deild til að selja meira. Birta fleiri auglýsingar. Framleiða meira efni sem hentar fjársterkum fyrirtækjum. Algjörlega galið dæmi.

Nýr útvarpsstjóri vill líka gera RÚV sýnilegra á samfélagsmiðlum, líkt og hann gerði með Lögregluna. Af hverju? Þann rökstuðning þrái ég að heyra því varla tilheyrir það samfélagslegri ábyrgð RÚV að birta flipp í „story“ á Instagram eða vera með hótmyndni á Twitter.

Eftir að hafa fylgt með nýjum útvarpsstjóra í gegnum fjölmiðla fékk ég þá tilfinningu að nýr útvarpsstjóri væri maður með bein í nefinu, maður sem stæði uppi í hárinu á ráðamönnum ef svo bæri undir. Svo er hann líka gallharður Eurovision-aðdáandi, sem skemmir náttúrulega aldrei fyrir og eykur mannkosti ef eitthvað er. Nú hafa viðvörðunarbjöllum mínar hins vegar drekkt þeim englahljómi og ég held að ástæða sé til að hafa verulegar áhyggjur af þessari ráðningu, hvað sem öllum samsæriskenninum líður. ■

Spurning vikunnar

Hvert er besta teiknimyndalagið?



„Allt „soundtrackið“ í Rango þar sem að það er falið meistaraverk.“

Árni Þór Guðjónsson



„Mitt uppáhaldslag í teiknimynd er sennilega þemalagið í Beauty And The Beast.“

Gunnar Hrafn Kristjánsson




„Besta teiknimyndalagið að mínu mati myndi ég segja að væri Hakuna Matata úr Lion King. Það er svo ótrúlega skemmtilegt lag sem er með boðskapinn að slaka bara á og fylgja flæðinu. Það er líka svo ótrúlega skemmtilegt og grípandi laglína þannig að þú getur ekki gert annað en sungið með.“

Halldóra Elín Einarsdóttir



„Colors of the Wind verður að vera fyrir valinu. Uppbyggingin, textinn og bara allt við það er ótrúlega fallegt.“

Ísold Ylfa Schweitz



HEIMSENT MATARBOÐ

- 2 STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
- 2 SÓSUR AÐ EIGIN VALI
- 2 MEÐLÆTI AÐ EIGIN VALI
- 2 L GOS

AÐEINS 5.990 KR.



Guðmundur er með óbilandi ástríðu fyrir Vestfjörðum.

„Mér mun alltaf þykja mjög vænt um þennan tíma“



MYNDIR: ÁGUST G. ATLASON / GUSTLIS

Starfslokin voru óvænt - Vakti athygli fyrir framgöngu í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri - Skilur sáttur við skemmtilegasta starf sem hann hefur verið í

Erla Dóra
erladora@dv.is



Mörgum kom á óvart í vikunni þegar greint var frá því að Guðmundur Gunnarsson væri hættur sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Ástæður starfslokanna voru sagðar ólíkar áherslur í verkefnum, en einnig hafa heyrst fréttir þess efnis að mikil spenna hafi ríkt milli Guðmundar og oddvita Sjálfstæðisflokks, Daníels Jakobssonar. Guðmundur segir þessa vendingu hafa verið óvænta, en að hann skilji þó sáttur við sín störf.

Ópólitískur bæjarstjóri

Guðmundur var ráðinn sem ópólitískur bæjarstjóri, samkvæmt kröfu Framsóknarflokksins sem er í meirihlutasamstarfi við

Sjálfstæðisflokkinn í bæjarstjórn Ísafjarðar. Hann segir ákveðnar áskoranir ávallt fylgja slíkri ráðningu á hinum pólitíska vettvangi.

„Ég held að það sé alltaf svo, þegar það er ópólitískur bæjarstjóri, að það skapi ákveðnar áskoranir milli kjörinna fulltrúa og þeirra sem eru það ekki. En þegar lagt er í þetta samstarf í meirihlutanum þá eru ákveðnar línur lagðar og þá eiga allir að geta treyst því að menn séu í samstarfinu af heilindum og sannfærðir um að það muni og eigi að ganga. Þarna var lagt upp með ákveðin markmið og allir voru upplýstir um stöðuna. Það á ekki að hafa komið neinum á óvart að ég er ópólitískur enda var óskað eftir því og það var starfið sem var auglýst.“

Guðmundur segir starfslokin nokkuð óvænt, þó svo aðdragandi að þeim hafi

verið nokkur.

„Ég held að ef þú hefðir spurt mig fyrir viku þá hefði ég ekki sé fyrir að þetta yrði niðurstaðan. Þetta þróaðist mjög hratt. Ég held að svona hlutir eigi sér alltaf einhvern aðdraganda. Ég held líka að þarna hafi eitthvað verið undirliggjandi, sem kannski hefði mátt liggja fyrir og ég held að alltaf þegar hlutir enda með þessum hætti þá sé eitthvað sem er ósagt, eitthvað sem er ekki upp á borðinu.“

„Ég hef ekki hugmynd“

Orðrómur hefur heyrst þess efnis að starfslok Guðmundar megi rekja til þess að oddviti Sjálfstæðisflokksins í Ísafirði, Daníel Jakobsson, hafi sjálfur augastað á bæjarstjórstöðunni. Aðspurður hvort hann sjái pólitískan bæjarstjóra taka við keflinu

kveðst Guðmundur ekki hafa hugmynd um slíkt. „Ég segi það af einlægni að ég hef ekki hugmynd um hver þeirra næsti leikur verður, enda er það ekki í mínum höndum.“

Þrátt fyrir skyndileg starfslok skilur Guðmundur sáttur við sín störf.

„Þetta er skemmtilegasta starf sem ég hef verið í á ævinni. Ég naut þess í botn og þá sérstaklega samstarfsins við starfsfólk Ísafjarðarbæjar. Mér fannst gott að koma heim til Vestfjarða og hér líður mér rosalega vel. Ég fann strax að móttökurnar voru mjög góðar og hlýjar og ég náði strax mjög góðu samstarfi við bæði samstarfsfólk og bæjarbúa. Mér leið mjög vel í starfinu. Verkefni voru skemmtileg og ótrúlega fjölbreytt. Það er sko ekki oft sem það fara saman verkefni í starfi og það sem



KOMDU Á SKÍÐI

SKÁLAFELL OPNAR Í DAG

Opnunartími í Skálafelli

Laugardaga 10:00 - 17:00

Sunnudaga 10:00 - 17:00



SKÍÐASVÆÐIN

f /skidasvaedin

ig #bláfjöll

skidasvaedi.is / Sími 530 3000



Skilur sáttur við skemmtilegt starf með góðu fólki.



Lærir nú á trommur til að verða ekki útundan í næsta kórpartí.



Guðmundur er ópólitískur og sér fram á að vera það áfram.

„Þetta er skemmtilegasta starf sem ég hef verið í á ævinni“

maður hefur ástríðu fyrir. Ég hef óbilandi ástríðu fyrir Vestfjörðum og heimahögnum. Mér þykir vænt um svæðið og það er ekki á hverjum degi sem maður er í starfi sem kveikir hjá manni svona mikla ástríðu. Mér þykir vænt um Vestfirði og ber hag Vestfjarða sannarlega fyrir brjósti, ekki bara í starfi heldur í lífinu almennt. Starfið kveikti í mér eldmóð og ég lagði hjarta og sál í það og gerði það með glöðu geði. Ég fann að ég hafði eitthvað fram að færa í þessu starfi.“

Leiðtogahæfni í kjölfar snjóflóða

Guðmundur vakti nýlega athygli fyrir framgöngu sína í kjölfar snjóflóðanna sem féllu á Flateyri þann 14. janúar síðastliðinn. Þótti hann þar sýna mikla leiðtogahæfileika og fyrirmyndar framgöngu. Hefur nokkuð borið á því í umræðunni í tengslum við starfslok Guðmundar, að snjóflóðin hafi átt sinn þátt í starfslokum Guðmundar, en hann var til að mynda skipaður í starfshóp í síðustu viku sem á að vinna að tillögum um aðgerðir til að treysta atvinnulíf og búsetu á Flateyri í kjölfar flóðanna. Hann hefur þó hafnað því áður í viðtölum að starfslökin megi rekja þangað, enda hafi mál á borð við þetta oftast en ekki aðdraganda sem einskorðist ekki við eitt mál.

Í kjölfar flóðanna hélt Guðmundur til Flateyrar þar sem hann meðal annars aðstoðaði fjölskylda stúlkunnar sem grófst undir flóðinu og fyrir mikla mildi hafði ekki meint af.

„Það kannast allir við alla hérna og þegar þetta gerðist þá fór ég með varðskipinu yfir á Flateyri. Þá höfðum við heyrt af því að fjölskylda unglingsstúlkunnar, sem lenti undir snjóflóðinu, væri komin með henni á sjúkrahúsið á Ísafirði. Þegar ég var kominn til Flateyrar þá kom á daginn að það voru bara stúlkan og móðir hennar sem höfðu farið með varðskipinu yfir til

Ísafjarðar á sjúkrahúsið. Yngri systkini stúlkunnar urðu eftir hjá vinafólki. Konan mín hafði farið upp á sjúkrahús að aðstoða stúlkuna og móðurina. Hana langaði svo að fá öll börnin til sín svo þau næðu að vera saman. Svo ég kom því í kring að tvö yngri börnin fóru með þyrlu Landhelgisgæslunnar yfir til Ísafjarðar og ég fór með þeim. Þetta setti ég í forgang. Mér fannst mikilvægt að fjölskyldan væri saman. Þá vildi svo til að faðir stúlkunnar var í þyrlu á leiðinni frá Reykjavík og faðir yngri barnanna var á Ísafirði og vildi börnin til sín. Ég fékk svo að verða vitni að því þegar öll fjölskyldan sameinaðist á sjúkrahúsinu.“

Kona Guðmundar hafði þá boðið fjölskyldunni athvarf á heimili þeirra. Stað sem væri þægilegra umhverfi en sjúkrahúsið.

„Innan við sólarhring eftir flóðin þá borðuðum við saman hér heima og áttum yndislega kvöldstund með fjölskyldunni. Borðuðum fiskibollur. Þau voru svo hjá okkur fram eftir degi daginn eftir og við tókum meðvitada ákvörðun um að vera ekkert að láta vita af því, svo þau fengju skjól. Því við vissum að það yrði mikil eftirspurn frá ykkur fjölmiðlamönnum eftir að ná af þeim tali. Við náðum þarna nokkrum klukkutímum með þeim og það er eitthvað sem var alveg ótrúlegt og við munum sennilega aldrei gleyma.“

Starfslökin lítilfjörleg í samanburðinum

Í samanburði við þessa stund segir Guðmundur að eitthvað eins og að þurfa að leita að nýrri vinnu, verði ósköp lítilfjörlegt.

„Þegar maður er nýbúinn að hafa inni á heimili hjá sér fólki sem var í raun að heimta barn sitt úr helju, þar sem var mínútu- eða sekúnduspursmál um líf eða dauða, þá er maður náttúrulega í rauninni ekki í neinni stöðu til að vera að kvarta yfir einum einasta fjára. Þetta eru miklu stærri

og merkilegri hlutir en einhver pólitískur ágreiningur eða afstaða um hvernig eigi að gera hlutina eða hver sé aðal eða hver sé auka. Þetta skiptir allt svo litlu máli í þessu stærra samhengi.“

Snjóflóðið er nokkuð sem Guðmundur mun aldrei gleyma. Samkennd, hugrekki og æðruleysi Flateyringa var mikilvæg kennslustund um mannlegt innræti.

„Það að hafa farið í gegnum þessa daga með Flateyringum og fólki sem ég ber ómælda virðingu fyrir, held ég að sé nokkuð sem á eftir að stækka mig út í lífið og eitthvað sem ég mun aldrei gleyma. Þetta kennir manni líka mikið, þessir tveir atburðir, hvað innræti fólks getur verið misjafnt.“

Nýjar áskoranir

En nú er bæjarstjóraævintýrinu lokið og þá skapast rými fyrir nýjar áskoranir. Blaðamaður hafði heyrt orðróm þess efnis að Guðmundur hygðist reyna fyrir sér í tónlistinni næst. Í samtali við Fréttablaðið greindi hann frá því að hann ætlaði sér að kaupa trommusett. En er hann búinn að því?

„Ótrúlegt hvað þessi saga fer víða. Nei, ég er ekki búinn að því. Ég er hins vegar að fara suður á föstudaginn og þá ætla ég að gera mér ferð og láta verða af þessu. Hugsá samt að ég hafi það rafmagnstrommusett, svona af virðingu við nágrannana þar sem ég kann ekki neitt á svona hljóðfæri. Þetta er eitthvað sem hefur alltaf blundað í mér. Ég er í karlakór, sem er reyndar í Reykjavík,

en ég hef haldið góðu sambandi við, Karla-kórinn Esja. Þeir komu og heimsóttu mig síðasta vor. Þeir komu fjörutíu eða fimmtíu skemmtilegir náungar hingað vestur, tóku hús á mér og við höldum gott partí. Þar komst ég að því að eiginlega allir í kórnum kunna á trommur, nema ég. Þetta sat svona þínu í mér. Ég hugsaði að ég þyrfti að gera eitthvað í þessu svo ég gæti nú í næsta partí verið eins og allir hinir og spilað smá á trommur. Ég ætla að gera eitthvað í þessu núna, fyrst ég hef tímann. Ég er búinn að útbúa aðstöðu í bílskúrnum og vantar bara trommurnar. En ég hef þær rafmagns, til að afla mér ekki óvinsælda hjá nágrönnunum.“

En hvernig viðbrögð hefur þú fengið frá nærumhverfi þínu eftir að tilkynnt var um starfslok?

„Ég hef fundið alveg rosalega mikla gæsku og hlýju og jákvæða strama frá mörgum sem ég ber rosalega mikla virðingu fyrir. Það hringdi í mig áðan eldri maður sem ég hef kannast við alla mína ævi og við áttum rosalega gott samtál, sennilega samtál sem við hefðum aldrei átt nema vegna þessa. Mér er bara rosalega heitt í hjartanu.“

Hvað sem öðru líður skilur Guðmundur sáttur við starfið og þakklátur fyrir reynsluna.

„Já, veistu það, ég er bara rosalega glaður. Þetta var frábær tími. Alveg ótrúlega skemmtilegt, hef lært margt og tek margt jákvætt með mér út úr þessu. Mér mun alltaf þykja mjög vænt um þennan tíma.“ ■

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands kynnir:



Landskeppni
í hreyfingu

Lífshlaupið

HEFST 5. - 25. FEBRÚAR



VERTU MEÐ!

SKRÁÐU ÞIG Á

WWW.LIFSHLAUPID.IS



EINSTAKLINGS-
KEPPNI



VINNUSTAÐA-
KEPPNI



GRUNNSKÓLA-
KEPPNI



FRAMHALDSSKÓLA-
KEPPNI

Lífshlaupið
þín heilsa – þín skemmtun

Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ fyrir alla aldurshópa. Markmið verkefnisins er að hvetja landsmenn til þess að fara eftir ráðleggingum Embættis landlæknis um hreyfingu. Allir landsmenn eru hvattir til að taka þátt og nota tækifærið til að rækta líkama og sál með því að hreyfa sig daglega.

SAMSTARFSADILAR



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



Nærmynd af Stefáni Eiríkssyni

Músíkalskur lögmaður og Eurovision-aóðáandi

■ Úr ræðumanni í laganám og lögreglustjóran
 ■ Skiptar skoðanir á ráðningu RUV ■ Lofar sínu besta

Stefán Eiríksson, fyrrverandi borgarritari, lögreglustjóri, stjórnsmála- og fjölmiðlamaður, hefur verið á vörum allra síðustu daga í ljósi ráðningar hans í stöðu nýs útvarpsstjóra. Hann tekur til starfa 1. mars næstkomandi og mun gegna hlutverkinu næstu fimm árin, en fjórtíu og einn einstaklingur sótti um stöðu útvarpsstjóra og er hermt að ákvörðun um ráðningu Stefáns hafi verið samhljóða á fundi stjórnar hjá Ríkisútvarpinu.

„Ég elska RÚV og hlakka mikið til að takast á við öll þau frábæru verkefni sem þar eru framundan. Ég lofa að gera mitt besta, hlusta, læra, vera virkur og standa vörð um þessa mikilvægu þjónustu í þágu allra landsmanna,“ sagði Stefán á samfélagsmiðlum sínum í kjölfar þess að ráðningin var opinberuð.

Marga fjöruna sopið

Stefán er fæddur þann 6. júní árið 1970. Hann lauk grunnskóla- prófi frá Haga-skóla í maí 1986 og stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í desember 1990.

Hann keppti í Morfís og Gettu betur fyrir hönd MH og var valinn ræðumaður Íslands í úrslitakeppni Morfís 1989. Síðar meir útskrifaðist hann frá laga-deild Háskóla Íslands, í febrúar 1996.

Stefán gerðist blaðamaður á Tímanum við

upphaf tíunda áratugarins og síðar á Morgunblaðinu árin 1991–1996 samhliða laganámi. Undir lok námsins var hann ráðinn sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá rsbyrjun 1996. Í kjölfarið þess starfaði hann í sendiráði Íslands í Brussel og sinnti þar verkefnum á sviði dóms- og innanríkismála, þar á meðal á vettvangi Schengen-samstarfsins. Hann var skipaður skrifstofustjóri dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1. janúar 2002 og síðar sama ár staðgengill ráðuneytisstjóra. Hann var í stjórn Neyðarlínunnar frá árinu 2002 og stjórnarformaður til ársins 2007.

Árið 2006 var Stefán skipaður lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Hann var sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar frá 1. september 2014. Á milli verkefna hefur hann sinnt stundakennslu í Háskóla Íslands og við Háskólann í



Krabbamein á lögregluna

Reykjavík og kenndi lögfræði í Menntaskólanum við Hamrahlíð samhliða laganámi. Í desember 2016 réð borgarráð Reykjavíkurborgar Stefán í starf borgarritara.

sótti um starfið. „Mér hefur ekki tekist að komast í úrslitakeppni Eurovision og það voru tvær leiðir: Annaðhvort að senda inn lag í keppnina og ég hugsaði að það væri aðeins minni möguleiki, ég sækji bara um þetta starf,“ sagði Stefán.

Eurovision-aóðáandi með söngrodd

Í bland við árangursríkan og umfangsmikinn feril átti Stefán ýmsa góða daga þegar hann var söngvari hljómsveitarinnar Fyrirbæris. Hljómsveitin var stofnuð snemma vors 1985 og starfaði fram á sumar 1986.

Fyrirbæri tók þátt í Músíktíraunum Tónabæjar síðara ár sitt en komst ekki í úrslit. Meðlimir sveitarinnar auk Stefáns voru þeir Kristján Eldjárn gítarleikari, Baldur Stefánsson bassaleikari, Ingi Ingason trommuleikari og Haraldur Kristinsson hljómborðsleikari. Örlygur Smári, sem síðar varð títtkenndur við Eurovision, á einnig að hafa verið í sveitinni á einhverjum tímapunkti. Þegar Kristján Eldjárn lést úr krabbameini árið 2002 kom sveitin saman og hélt ball til styrktar Krabbameinsfélaginu vegna Mottumars-átaksins það árið. Bróðir Kristjáns fyllti þá skarð Kristjáns og lék á gítar.

Stefán hefur verið duglegur að tjá dálæti sitt á Eurovision-söngvakeppninni og telur keppnina hafa færst nær hjarta hans með nýju starfi sem útvarpsstjóri. Í viðtali við Síðdegisþáttinn á K100 í vikunni sagði Stefán á léttum nótum að keppnin hefði verið ástæðan fyrir því að hann

„Englafréttir af meirihlutunum“

Íslendingar hafa flestir tekið almennt vel í ráðninguna þótt öruggt sé að segja að hún þyki einnig umdeild. Algeng kvörtun hefur reynst sú að ráðinn sé karl í umrætt starf. Tveir oddvitar í minnihluta borgarstjórnar hafa annars vegar sagst óttast að ráðning Stefáns verði til þess að það muni halla á fréttaflutning úr borgarstjórn. Kolbrún Baldursdóttir, oddviti Flokks fólksins, gagnrýndi ráðninguna sérstaklega á dögnum og sagði að nú verði sagðar „bara einhverjar englafréttir af meirihlutunum í borginni.“

Í febrúar 2019 ritaði Stefán afar harðort bréf á Facebook-síðu Reykjavíkurborgar sem gríðarlegur fjöldi fólks hefur aðgang að. Þar gagnrýndi hann framgöngu „fáeinna“ borgarfulltrúa undanfarna mánuði og sagði þá hafa „ítreakað vænt starfsfólk Reykjavíkurborgar um óheiðarleika og vegið með ýmsum öðrum hætti að starfsheiðri þeirra.“ Hvatti Stefán starfsfólk borgarinnar til að standa saman, því það

KLÁRAST UM HELGINA!

50%^{ALLT AÐ}
AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAD VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

” Hlutleysi hvað?

væri „ekki í boði að bregðast ekki við þegar slíkar ómaklegar og óheildarlegar árásir eru gerðar á starfsfólk Reykjavíkurborgar.“

Stefán nafngreindi engan borgarfulltrúa í bréfi sínu en sagði að um fáeina borgarfulltrúa væri að ræða. Augljóst má þó vera að í bréfinu var hann að tala um borgarfulltrúa minnihlutans en það má meðal annars lesa úr eftirfarandi setningu: „Tilraunir annarra borgarfulltrúa, einkum innan meirihlutans en einnig úr röðum heildarlegs stjórnvaldsfólks innan minnihlutans, til að reyna að hemja þessa skaðlega, slæmu og fullkomlega ómaklegu hegðun hinna fáu, hafa takmarkaðan árangur borði.“

„Mjög slæmar fréttir fyrir okkur öll“

Ætla má að með orðum sínum vísi Stefán meðal annars til Mörtu Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, en deilur stóðu síðasta sumar milli Mörtu og Helgu Bjarkar Laxdal, skrifstofustjóra borgarstjórnar, eftir að Marta sakaði starfsfólk borgarinnar um trúnaðarrest.

Þá kvartaði Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra, í bréfi til forsætisnefndar í ágúst 2018, undan því að borgarfulltrúar hefðu farið fram með rangfærslur í umræðum á samfélagsmiðlum um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur, sem felldi úr gildi áminningu sem Helga Björg veitti

undirmanni sínum. Ekki er ólíklegt að þar hafi Helga Björg, sem þó nefndi engin nöfn í bréfi sínu, verið að vísa til Vigdísar Hauksdóttur, borgarfulltrúa Miðflokksins. Stefán Eiríksson sendi þannig Vigdís tölvupóst 10. ágúst vegna færslu sem hún birti á Facebook-síðu sinni vegna dómsins. Þar gagnrýndi Stefán Vigdís harðlega fyrir að hafa farið fram með rangfærslur og brotið trúnað.

„Þessi hegðun, atferli og framkoma þessara fáeinu borgarfulltrúa er til skammar og um leið til mikils tjóns fyrir Reykjavíkurborg, starfsfólk hennar og íbúa alla.“

Líklegt má telja að Stefán sé að vísa til þessara atvika í nýjasta bréfi sínu en auk þessa hefur verið mjög grunnt á hinu góða innan borgarstjórnar, milli meirihluta og minnihluta, nánast allt kjörtímabilið. Stefán virðist hafa fengið nóg og brýndi borgarstafsmenn til að taka sér stöðu gegn „tuddanum á skólalóðinni“.

Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins í Reykjavík, var sammála Kolbrúnu og gagnrýni hennar á Stefán þegar ljóst var að hann yrði útvarpsstjóri. „Eru allir búnir að gleyma því að hann kallaði okkur í minnihlutunum „tudda á skólalóð“. Þetta eru mjög slæmar fréttir fyrir okkur verð ég að segja – hlutleysi hvað?“

„Krabbamein á lögregluna“

Árið 2009 sendi lögreglukonan Bylgja Hrönn Baldursdóttir Stefáni tóninn í opnu bréfi sem hún sendi honum. Þar sagði hún lögreglustjóran vera á góðri leið með að missa lögreglumennina frá sér. Í bréfinu fullyrti Bylgja að það væru ekki launin sem hafi haldið henni í starfinu í hátt á annan áratug, heldur hrein og klár væntumþykja í garð vinnunnar og vinnufélaganna. Hún tók fram að áreiti utan frá væri eitthvað sem fylgdi starfinu, en áreiti innan frá væri hins vegar óþægindi, óvissa og óánægja sem virkaði eins og krabbamein á lögregluna.



Hljómsveitin Fyrirbæri.



„Þar kemur til þinna kasta, það er þitt hlutverk að stjórna stofnuninni þannig að fólk geti starfað þar í sátt og samlyndi, þú berð ábyrgð á því sem vel er gert og líka því sem er illa gert,“ sagði Bylgja við Stefán í bréfinu. „Mér er meira virði að fá traust frá vinnufélögum mínum og þó ég sé skömmu þá skiptir það engu máli.“

Lekamálið

Lekamálið er mál sem kom upp 20. nóvember 2013 og varðaði innanríkisráðuneytið undir stjórn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Málið náði hápunkti þann 21. nóvember 2014 þegar Hanna Birna sagði af sér ráðherraembætti eftir að Gísli Freyr Valdórsson, aðstoðarmaður hennar, játaði að hafa lekið trúnaðarupplýsingum í formi minnisblaðs um nígeríska hælisleitandann Tony Omos úr ráðuneytinu í fjölmiðla.

Lekamálið snerist í fyrstu um hver hafði lekið trúnaðarupplýsingunum,

en ráðuneytið og ráðherra neitðu í fyrstu að minnisblaðið hefði nokkurn tíman verið til í ráðuneytinu. Eftir að rannsókn innan ráðuneytisins komst að þeirri niðurstöðu að minnisblaðið hefði ekki ratað í fjölmiðla úr innanríkisráðuneytinu fór í gang formleg lögreglurannsókn. Lekamálið þróaðist í nýja átt eftir að Stefán Eiríksson sagði af sér og fullyrt var þá í DV að hann hefði gert það vegna afskipta Hönnu Birnu af lögreglurannsókninni.

Hanna Birna bað Stefán síðar afsökunar á samskiptum þeirra á milli og framgöngu hennar í þeim. Í yfirlýsingu sagði hún að samskipti hennar hefðu ekki samrýmst „nægilega“ hinni óskráðu hæfisreglu stjórnsýsluréttar, og viðurkenndi lýsingu Stefáns á samskiptum þeirra. „Mér er einnig ljóst að þessi samskipti voru ekki að öllu leyti réttmæt af mér gagnvart lögreglustjóranum,“ sagði hún í yfirlýsingu sinni.

Óskynsamlegt að taka RÚV af auglýsingamarkaði

Stefán hefur verið opin með skoðanir sínar á hvort RÚV eigi heima á auglýsingamarkaði eður ei. „Ég held að það sé eðlilegur

hluti af starfsemi öflugra fjölmiðils að miðla líka upplýsingum í gegnum auglýsingar og tilkynningar til almennings um þjónustu af ýmsum toga. En það þarf auðvitað líka að tryggja að það séu rekstrarhæfir aðrir fjölmiðlar hér í landinu, sjálfstæðir og frjálsir fjölmiðlar,“ sagði Stefán í viðtali við Reykjavík síðdegis skömmu eftir að ráðning hans var opinberuð.

Spurður út í samkeppni Ríkisútvarpsins við einkaaðila á fjölmiðlamarkaði sagði Stefán telja mikilvægt í allri fjölmiðlun að það efni sem framleitt sé nái augum og eyrum þeirra sem borga fyrir þá þjónustu, í þessu tilfelli íslenskra skattgreiðenda. „Það skiptir líka máli að hlusta á raddir almennings og heyra hvaða þjónustu almenningur er að kalla eftir og ég sé það í því grúski mínu sem ég hef verið í undanfarið í tengslum við þessa umsókn að þannig eru til dæmis norrænu ríkisstöðvarnar að reyna að átta sig sem best á því eftir hverju almenningur er að kalla þegar kemur að almannaþjónustu og reyna að mæta því með ýmsum hætti,“ sagði Stefán. ■





Luxaflex®



Luxaflex®
Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með Luxaflex Power View. Komdu við í sýningarsal okkar að Smiðjuvegi 9 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á www.zenus.is.

ZENUS | SMÍÐJUVEGI 9 | 200 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | www.zenus.is



ZENUS

Starfstengt nám á þínum forsendum!

– Sveigjanlegir kennsluhættir og tengsl við atvinnulífið

MSS býður margvíslegt starfstengt nám sem hefur það að markmiði að efla færni á vinnumarkaði og skapa þér ný tækifæri. Viltu skipta um starfsvettvang eða verða eftirsóttari starfskraftur?



Endurmenntun atvinnubílstjóra

Samgöngustofa hefur veitt MSS vottun til að halda úti endurmenntun atvinnubílstjóra, nám sem atvinnubílstjórar skulu taka á 5 ára fresti til að viðhalda atvinnuréttindum sínum.

- » Vistakstur
- » Farþegaflutningar
- » Vöruflutningar
- » Fagmennska og mannlegi þátturinn
- » Lög og reglur
- » Umferðaröryggi
- » Skyndihjálpi

Skrifstofuskólinn

Skrifstofuskólinn, grunn- og framhaldsnám eflir færni í bókhaldi og veitir innsýn í rekstur fyrirtækja. Kennt er á bókhaldsforritið Navision.



Inga Snæfells Reimarsdóttir

Námið er mjög áhugavert og skemmtilegt og hefur staðist allar mínar væntingar. Það mun nýtast mér í mínu starfi og opna fyrir mig aðra möguleika á vinnumarkaðnum.



Ásdís Erla Jónsdóttir

Skrifstofuskólinn er í alla staði frábær. Góðir kennarar, gott skipulag, góður andi og alveg frábærir námsfélagar. Ég mæli eindregið með skrifstofuskólanum.

Spennandi leiðir til þess að efla sig og styrkja hjá MSS



Meginhlutverk Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) er að efla sí- og endurmenntun Suðurnesjamanna, auka menntun og lífsgæði íbúa svæðisins og styrkja þannig einstaklinga og atvinnulíf. Í mörgum námsleiðum er lögð áhersla á sveigjanlegt nám þar sem nemendur geta nálgast námsefni á netinu, óháð tíma og rúmi. „Einnig er mikið um nemendur hjá okkur í fjarnámi, sem búa annars staðar á landinu, og jafnvel erlendis. Við reynum að koma til móts við alla nemendur enda er nám afar mikilvægt skref í átt að sjálfsþingingu,“ segir Særún Rósa Ástþórsdóttir, verkefnastjóri hjá MSS. Í vetur og á komandi hausti verða enn fleiri og spennandi leiðir færar til þess að efla sig og styrkja hjá MSS.

MSS tók nýlega við skipulagningu endurmenntunarnámskeiða atvinnubílstjóra fyrir Samgöngustofu. Námskeiðin eru í boði fyrir starfandi atvinnubílstjóra og þá sem starfa á atvinnutækjum sem krefjast meiraprófs. Námskeiðin fjalla um mismunandi þætti sem snúa að mannlegum atriðum, praktískum sem og öryggisatriðum. Endurmenntunarnámskeið atvinnubílstjóra eru Vistakstur, Farþegaflutningar, Vöruflutningar, Fagmennska og mannlegi þátturinn, Lög og reglur, Umferðaröryggi og Skyndihjálpar. Næstu námskeið hefjast í febrúar og standa flest námskeið yfir í um einn dag.



Skrifstofunámið er ætlað fólki á vinnumarkaði, 18 ára eða eldri, sem vinnur við almenn skrifstofustörf eða stefnir á að starfa á skrifstofu. Kenndur er grunnur í tölvukunnáttu, bókhaldi og almennum skrifstofustörfum. Ekki er nauðsynlegt að hafa reynslu af skrifstofustörfum til þess að skrá sig í námið.

Jógakennaranámið var sett á laggirnar í samstarfi við jógakennarann Maríu Olsen í fyrrahaust og byrjar nú af fullum krafti aftur í haust. Námið er viðurkennt af Jógakennarafélagi Íslands og Yoga Alliance. Í náminu er lögð áhersla á verklega kennslu og undirbúning þátttakenda til þess að takast sjálfir á við starf jógakennarans að loknu námi. Námsþættir í náminu eru meðal annars lífstíll jókans, anatómía, kennslutækni, orkustöðvar, jóga Nidra og aðrar slökunaræfingar, siðareglur jógakennara, viðskipti, skattur og fleira, heimspeki og æfingakennsla.



MSS býður upp á Pólskunámskeið fyrir kennara og aðra starfsmenn skólafnana. Á námskeiðinu er áhersla lögð á talað mál, hlustun, ritun og samræður. Megináhersla er á pólsku sem nýtist til daglegrar notkunar og orðaforða sem nýtist starfsfólki innan skólafnunar.

MSS býður reglulega upp á námskeið án endurgjalds fyrir félagsmenn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis (VSFK). Í febrúar byrja tvö námskeið; Skyndihjálpar og svo Tímamót og tækifæri, þar sem farið verður yfir þær breytingar sem verða á tekjum fólks við starfslok, hvernig best er að sækja um þær greiðslur sem standa til boða og hvernig þær tengjast innbyrðis. Námskeiðin eru opin fyrir aðra en félagsmenn á meðan laus pláss eru.



MSS býður einnig upp á styttri námskeið sem ætlað er þeim sem vilja styrkja sig á vinnumarkaðnum.

Á námskeiðinu Er gaman að vinna með mér? er farið í mikilvægi þess að skilja og skynja hvernig við virkum á aðra í samskiptum. Markmiðið er að þátttakendur öðlist meiri þekkingu á því sem einkennir góða samvinnu á vinnustað og hvað hver og einn geti lagt af mörkum til að svo sé.

Í Verkefnastjórnun verður farið í grunnþætti verkefnastjórnunar. Námskeiðið nýtist í alhliða verkefnastjórnun, allt frá því að halda veislur yfir í að stjórna umfangsmiklum verkefnum. Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir þátttakendum mannlega þáttinn í verkefnum, skilgreiningu verkefna, markmiðasetningu, áætlanagerð, framkvæmd og eftirfylgni verkefna.

Vilt þú læra hvernig á að halda Kraftmiklar kynningar? Um er að ræða hagnýtt námskeið þar sem þátttakendur efla sig í að miðla upplýsingum í lífi og starfi. Farið verður yfir lykilatriði sem snúa að tilgangi og skilaboðum, mótun kynningar, framsetningu efnis og framkomu. Kraftmikið námskeið fyrir alla sem vilja standa traustari fótum í sviðsljósinu hvort sem er í fjölskylduveislunni, í kennslu eða á stóra sviðinu í Hörpu!

Það er aldrei of seint að læra!

Skoðaðu úrval námsframboðs MSS á vefsíðunni mss.is



Miðstöð símenntunar
á Suðurnesjum

Tilvistarkreppa í öllum sínum myndum

Verðlaunaganga Hönnu Bjargar með stuttmyndina Behind Closed Curtains
Tilvistarkreppa getur verið banvæn

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Myndin Behind Closed Curtains eftir Hönnu Björgu Jónsdóttur bar sigur úr býtum sem besta stuttmyndin á kvikmyndahátíðinni Reykjavík Feminist Film Festival sem haldin var á dögunum. Hanna Björg segir verðlaunin gildishlaðin en fyrir hefur myndin sigrað í stuttmyndakeppni í Brasilíu og í Bandaríkjunum.

Hanna Björg lærði leikstjórn í Westerdals í Ósló og útskrifaðist þaðan árið 2017. Síðan hún flutti aftur heim til Íslands hefur hún að mestu starfað sem annar aðstoðarleikstjóri og segist þakklát fyrir að hafa fengið nóg af verkefnum. Hún kom meðal annars að gerð þáttanna Ófærð og Brot og kvikmyndarinnar Gullregns sem sýnd er um þessar mundir í bíósölum borgarinnar.

Hanna Björg segir að tilviljun hafi ráðið því hvernig hún hóf feril sinn í kvikmyndagerð. „Ég var í listfræði í Háskólanum, sem átti ekki alveg nógu vel við mig því ég er meira fyrir verklegar greinar. Áður hafði ég verið á myndlistarbraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og í Ljósmyndaskólanum hjá Sissu. Ég sótti um að smyrja samlokur í sjónvarpsþáttaröðinni Ríkinu sem Saga Film framleiddi og fann strax að þetta var það sem ég hefði eiginlega alltaf verið að leita að. Síðan var ekki aftur snúið.“

Erfið en gefandi ár

Eftir að hafa starfað við framleiðslu á Íslandi í þrjú ár ákvað Hanna Björg að flytja til Noregs. Eftir þrjú ár þar í landi sótti hún um nám í kvikmyndaskóla í Ósló, Westerdals Oslo ACT, en þá taldi hún sig hafa náð bærligum tókum á tungumálinu.

„Námið gekk ótrúlega vel þótt ég hafi í raun breytt um stefnu í náminu frá því sem upphaflega planið var. Kennararnir mínir hvöttu mig sérstaklega til að sækja um leikstjórn sem var umsetnasta deildin í skólanum. Ég varð eiginlega mjög hissa en glöð þegar ég komst inn. Þetta var ótrúlega skemmtilegt. Námið var allt á norsku og þar af leiðandi þurfti ég að skrifa handrit á norsku og BA-ritgerðina mína. Þetta voru mjög erfið þrjú ár en ótrúlega gefandi, kannski ekki síst vegna þess að ég fór í námið með son minn, sem þá var tveggja ára, og við vorum ekki með neitt tengslanet úti, þannig séð.“



MYND: EYÞÓR ÁRNASON

„Ég tók einkaviðtöl við mörg sem fóru enn leynt og sögðu mér hryllilegar sögur af því sem þau höfðu lent í“

Minna pláss til að vera öðruvísi

Stuttmyndin Behind Closed Curtains segir frá þremur karakterum sem allir kljást við tilvistarkreppu, hver á sinn hátt. Áhorfendur fylgjast svo með þeim vinna á ólíkan hátt úr sínum málum. Hanna Björg segir söguna í grunninn fjalla um það að skera sig úr fjöldanum og í beinu framhaldi snertir hún á málefnum samkynhneigðra og cross-dressing.

„Mig langaði að fjalla um eitthvað sem snerti mig og ég gæti sjálf fundið mig í. Þá á ég ekki við samkynhneigð eða cross-dressing heldur þá tilfinningu að finnast maður ekki vera hluti af heildinni og að maður skeri sig úr fjöldanum. Við Íslendingar erum komnir svo miklu lengra en Norðmenn í alls kyns réttindabaráttu og vitundarvakningu meðal almennings. Mér fannst að þar væri minna pláss til að

vera öðruvísi en almenni bolurinn og fólk sem skar sig úr mætti öðruvísi viðmóti en aðrir, þótt það væri auðvitað á afskaplega kurteisán hátt eins og Norðmanna er von og vísa. Ekki það, að það er margt betra hjá þeim en okkur en þetta stakk mig aðeins, líklega því ég var annar tveggja útlendinga í skólanum, en þar var einnig sýrlensk kona, flóttamaður, og við tengdum einna best við hvor aðra.

Ég vann mjög mikla heimildavinnu á meðan ég vann að handritinu. Talaði við samtök sem hjálpa fólki í krísu vegna kynhneigðar, kynleiðréttingar og cross-dressing. Ég tók einkaviðtöl við mörg sem fóru enn leynt og sögðu mér hryllilega sögur af því sem þau höfðu lent í aðeins vegna þess hver þau voru og gátu ekki falið eða vildu ekki. Þetta var ekki aðeins fólk komið á um miðjan eða efri aldur heldur allt niður

í átján ára unglinga. Árið 2017! Mér fannst mikilvægt að reyna að koma að hversu fjölþættar hliðar tilvistarkrísa getur haft – jafnvel þótt hún geti birst á fjölmargan hátt annan en í sambandi við kynhneigð. Og að hún geti reynst banvæn. Vegna mótstöðu og vanþekkingar annarra.“

Aukið sjálfstraust

Myndin vann sem fyrr segir til verðlauna í Brasilíu, á stuttmyndakeppninni Highlight of the Festival, og í Bandaríkjunum, á Best Short á 21 Island Festival í New York. Hún hefur jafnframt komist inn á hátíðir bæði í Noregi, Spáni, Barbados, Íslandi, Indlandi og Kína.

Hvaða merkingu hafa verðlaun sem þessi fyrir listamenn eins og þig?

„Gríðarlega mikil. Þetta er hvatning. Að finna að það sem maður er að gera hafi áhrif á aðra og eigi sér einhvern stað. Það er auðvelt að týna sér í sköpunarferli sem þessu þar sem maður fer allan hringinn og að því kemur að manni finnst maður vera alveg vonlaus með vandræðalega mikið drasl í höndunum. Þegar maður hlýtur svona verðlaun þá eykur það óneitanlega sjálfstraustið til að halda áfram. Núna er ég sem dæmi að vinna við mynd eftir Tinnu Hrafnadóttur sem heitir Skjálfti og byggir á skálsögu Auðar Jónsdóttur, Stóra skjálfta. Þar er ég annar aðstoðarleikstjóri og vinn með stórkostlegu tókuliði, valin manneskja í hverju horni. Tinna er með magnaða sýn á söguna og svo skapandi að það er gjöfult að vinna með henni. Hún verður sterkur leikstjóri í framtíðinni. Samhliða því reyni ég að skrifa sjálf þegar færi gefst og næsti draumur er auðvitað að gera mynd í fullri lengd.“

Kvikmyndagerð er nefnilega vaxandi atvinnugrein á Íslandi, við skulum ekki gleyma því, sem kemur með mikla peninga í ríkiskassann bæði innanlands og að utan. Við verðum að gæta þess að rækta þessa sköpun og alls ekki að kæfa hana. Það er hægt að gera með því að hækka frekar en lækka endurgreiðsluna í greinni eins og nú stendur til að gera. Þetta skilar sér svo margfalt út í atvinnulífið, húsnæðismarkaðinn, og alls konar iðnað og þjónustu. En ekki síst menningu. Við eigum orðið svakalegan fjölda hæfileikamikils fólks sem mun stuðla að því að gera okkur enn betri í þessari listsköpun og styrkja samfélagssýn. Þetta verður að rækta enn frekar.“ ■



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
one®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is



Sérblað

31. janúar 2020

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



HÖNNUN OG EFTIRLIT:

Ný eign er ekki sjálfkrafa gallalaus

Hönnun og eftirlit er framsækið og öflugt fyrirtæki sem sérhæfir sig í ástandsskoðun fasteigna, þá bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, ásamt byggingastjórn og öðru sem viðkemur fasteignamálum. Fyrirtækið var stofnað árið 2007 af Gunnari Fannbergi Gunnarssyni byggingarfræðingi og Hólmfríði Halldórsdóttur viðskiptafræðingi og fór fljótlega eftir stofnun í sérhæfingu í almennri ástandsskoðun ásamt því að taka að sér deilumál/ágreiningsmál eða mál sem eru bæði innan sem utan dómstóla.

Hönnun og eftirlit byggir á fagmennsku og vel skilgreindum verkferlum. Auk þess hefur fyrirtækið öflugt gæðakerfi og áratuga reynslu starfsmanna við mannvirkjagerð, eftirlit eða aðra þætti sem snúa að fyrirliggjandi verkefnum.

Ástandsskoðun fyrir allar fasteignir

„Ástandsskoðun fasteigna kemur í veg fyrir alls konar vandamál, en við þannig skoðun koma oft ýmsir duldir gallar eða önnur vandamál fram strax,” segir Gunnar.

Gunnar bendir á að við kaup á nýrri fasteign sé gott að kynna sér eignina vel og gera svo í framhaldinu kaupsboð byggt á þeirri skoðun með fyrirvara um ástandsskoðun. Með þeim hætti er ekki verið að leggja út í kostnað við skoðun nema í þeim tilfellum þar sem fyrir liggur samþykkt kaupsboð.

Í flestum tilvikum er um sjónmat að ræða, en við þannig mat er alltaf hitamyndavél og rakamælir meðferðis og notað þegar ástæða þykir til. Í framhaldinu er svo hægt er að gera nánari ástandsskoðun eins og t.d. með myndavélaskoðun í holræsi eða prufu niðurrif á byggingarhlutum til þess að kanna ástand byggingarhluta frekar.

„Við skoðun koma oft upp atriði sem ekki lágu fyrir við kaupsboð og með því er komið í veg fyrir vandamál eða ágreining sem almennt kemur upp ef kaupendur eða seljendur hefðu ekki verið upplýstir um þau. Ástandsskoðun sem og önnur skoðun stýrir því oft málum frá ágreiningi eða málaferlum,” bætir Gunnar við.

Nýjar eignir ekki alltaf gallalausar
„Það er ekki sjálfgefið að nýjar eignir



Hugum vel að allri öndun og frágangi klæðninga til að hindra óþarfa niðurbrot.

séu gallalausar og oft erum við að sjá verri galla eða vandamál í nýjum eignum frekari en eldri,” segir Gunnar. „Í eldri eignum sem hafa fengið gott viðhald í gegnum árin erum við hins vegar að sjá færri og minni galla,” bætir Gunnar við. Ávallt er farið yfir þau atriði sem upp koma og útskýrt fyrir aðilum hvað snýr að almennu viðhaldi og leiðum til endurbóta eða lagfæringa

Undanfarið hefur því ástandsskoðunum á nýjum eignum fjölgað gríðarlega og mælir Gunnar eindregið með að fólk í fasteignahugleiðingum, bæði einstaklingar og fyrirtæki, ihugi að láta ástandsskoða eignirnar. Þrátt fyrir að verið sé að festa kaup á alveg nýrri og ónotraði eign þá snýr skoðun meira að því hvort eignin sé fullbúin og tilbúin til afhendingar til kaupenda.

„Það jákvæða er að við nýrri eignir eru oft ábyrgðir eða

tryggingar til staðar eða jafnvel inni í myndinni að verktakinn sem byggði umrædda fasteign mæti til þess að lagfæra það sem á er bent,” segir Gunnar að lokum.

Margvísleg verkefni

Hönnun og eftirlit sér ekki bara um ástandsskoðun, en verkefni fyrirtækisins eru margvísleg og má þar m.a. annars nefna byggingastjórnun, eftirlit, breytingar, burðarþol og lagnir og margt fleira.

Hægt er að hafa samandi við Hönnun og eftirlit í síma 445-9545 eða 863-1668. Einnig má sjá myndir og annað sem snertir skoðanir inni á Hönnun og Eftirlit á facebook www.honnunogeftirlit.is Hönnun og Eftirlit Lágmúla 6 108 Reykjavík S: 445-9545 gsm: 863-1668

BODLEIÐ



BODLEIÐ:

Notendavænar heildarlausnir fyrir öll fyrirtæki

Bodleið hefur lengi sérhæft sig í síma- og netmálum fyrir fyrirtæki og stofnanir af öllum stærðum. Þá býður Bodleið upp á nokkrar útfærslur af myndfundarlausnum og kappkostar að veita fyrirtækjum heildarþjónustu og ráðgjöf á öllum tengdum sviðum.

„Við bjóðum upp á heildarlausnir þar sem hægt er að fá sem flest á einum stað; netkerfi, internet, símanúmer, símkerfi, tölvubúnað, hugbúnað og allt fyrir fundarherbergið. Fyrirtæki geta fengið farsímanúmer, landsímanúmer og netið allt hjá okkur. Við erum einbeitt fyrirtæki með lausnir fyrir allt sem fyrirtæki þurfa,” segir Þorvaldur Harðarson, framkvæmdastjóri Bodleiðar.

Aukinn áhugi á myndfundarbúnaði
„Undanfarið höfum við fundið fyrir auknum áhuga á myndfundarbúnaði

hjá okkar viðskiptavinum. Fyrirtæki eru farin að huga meira að umhverfinu og reyna m.a. að fækka flugferðum eins og hægt er. Þar kemur Bodleið inn með öflugar fundarlausnir frá Yealink.“ Yealink er með góðar og þægilegar lausnir fyrir Microsoft Skype/Teams og Zoom, sem eru mikið notaðar fundarlausnir í dag. Þessi kerfi eru sjálfstæðar einingar og afar einfaldar í notkun. „Einnig erum við með lausnir sem byggjast á BYOD (bring your own device). Allur búnaður sem þarf til að halda myndfund er frá Yealink, en myndfundarhugbúnaðurinn er í tölvu hvers og eins.“

Myndfundarlausnir sem henta flestum
Þorvaldur segir að enn sem komið er sé enginn framleiðandi kominn með eitt myndfundarkerfi sem talar við öll önnur myndfundarkerfi. „Við erum með lausnir sem henta

flestum. Þá erum við með svokallaða myndfundarbrú eða torg sem fyrirtæki leigja aðgang að til lengri eða skemmri tíma. Þetta verður þá þeirra einkafundartorg sem hægt er að tengjast með flestum gerðum hefðbundinna myndfundarkerfa.“

Myndfundarbúnaðurinn frá Bodleið er afar notendavænn en fyrirtækið er með breiða línu sem hentar öllum stærðum af fyrirtækjum. „Við erum með lausnir fyrir allt frá tveggja manna fundarherbergjum upp í 100 manna sal.“

3CX-símkerfi

Frá upphafi hefur Bodleið lagt ríka áherslu á símkerfi fyrir fyrirtæki. 3CX-símkerfi eru orðin afar útbreidd hér á landi og í notkun hjá bæði smáum fyrirtækjum sem og mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins. Bodleið selur bæði og leigir 3CX-kerfið og er það til í þremur útgáfum.

„Hægt er að byrja á fríu kerfi en eftir því sem fyrirtækið stækkar þá vex kerfið. Í Pro-útgáfu kerfisins er allt innifalið eins og þjónustuver, skýrslukerfi og rauntímaupplýsingar fyrir skjáborð, skiptiborð, upptökur, farsímatengingar, tenging við CRM-upplýsingakerfi, tenging við Office 365, vefspjall við t.d. þjónustudeild og að sjálfsögðu myndfundarkerfi.“

Ef fyrirtæki þitt vantar einhverja lausn þá eigum við hana yfirleitt til á lager. Ef þig vantar símkerfi, myndfundarkerfi, netlausnir eða hvað sem er, þá finnum við bestu lausnina fyrir þig, fljótt og örugglega,” segir Þorvaldur að lokum.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni bodleid.is
Akralind 8, 201 Kópavogi
Sími: 535-5200
Tölvupóstur: sala@bodleid.is
Facebook: Bodleið



SATÍVA LÍF

Áttu von á mótlæti frá stærsta kúnnahópnum

Satíva Líf ehf. er fyrsta sérverslunin á Íslandi sem selur CBD-vörur. „Við stofnuðum fyrirtækið um miðjan september í fyrra og verslunin sjálf var opnuð í byrjun desember. Okkur hefur verið tekið mjög vel, sem kom okkur fyrst í opna skjöldu. Við áttum von á meira mótlæti, sérstaklega frá fólki sem hefur ekki kynnt sér CBD og veit ekki hvaðan það kemur. Þá höfðum við áhyggjur af að eldri kynslóðin væri mótfallnari þessari vöru, en sú varð alls ekki raunin. Stærsti kúnnahópurinn okkar er meira að segja einmitt fólk á aldrinum 50+,” segir Bragi Austfjörð, sem á Satíva Líf ásamt bróður sínum, Baldri Stefáni.

En hvað er CBD og hvernig getur það hjálpað?

Virka taugaboðefnið CBD finnst í mismiklu magni í flestum tegundum plantna af ættkvíslinni Cannabis. Oft er CBD unnið úr hampi, en einnig má vinna efnið úr öðrum tegundum plantna sem teljast til Cannabis ættkvíslarinnar. CBD kallast kannabínóði, en það heiti er notað yfir þá gerð taugaboðefna sem koma úr náttúrunni og virka á þá viðtaka sem nefnast CB1 og CB2. Þetta einstaka taugaboðefni á sér enga hliðstæðu í náttúrunni.

CBD getur haft einstaklega jákvæð áhrif á allt taugakerfi okkar. Það getur minnkað stress og stressviðbrögð, kvíða og þunglyndi, getur hjálpað

fólki með ýmsar gerðir flogaveiki, linað taugaverki, virkað gegn draugaverkjum, bólgusjúkdómum, gigt, sjálfsofnæmi og fleira. CBD hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif á Schizophrenia-sjúklinga og virkar einnig gegn krabbameini en CBD kemur þá í veg fyrir að krabbi eða meinvörp breiði úr sér. „CBD er mjög ólíkt til að mynda taugaboðefninu THC því efnin virka á ólíkan hátt. CBD binst við svokallaðan CB2-viðtakara, sem finnst á taugum, og spornar gegn neikvæðum verkunum THC.“

Rannsóknir bannaðar í 70 ár

Óútpýnt kemur CBD í oliuformi en er oft blandað í ýmsar snyrtivörur eða annað, til inntöku eða til að bera á aum svæði. „Virgni CBD er gríðarlega viðfeðm og verður virknin enn meiri eftir því sem fleiri kannabínóðar eru í spilinu. Hin eiginlega virgni CBD er þó ekki endanlega þekkt enda voru rannsóknir á Cannabis-plöntum bannaðar í hartnær 70 ár. Í dag eru ýmsar rannsóknir í gangi í heiminum til þess að sýna fram á hina raunverulegu virgni CBD í líkamanum og því fáum við loksins að vita meira um virgni CBD og annara kannabínóða.“

Efla heilsu og styrkja heilbrigðismál

Bragi kynntist fyrst CBD þegar hann fór til Bandaríkjanna 2017 að heimsækja vinafólk í Vestur-Virginíu sem hafði þá stofnað Dragonfly

Hemp Co, sem framleiðir ýmiss konar CBD-vörur. „Á þessum tíma var CBD frekar nýtt af nálíni og þau kynntu mér eiginleika þess og hvað efnið getur gert fyrir fólk. Ég varð heillaður og þá sérstaklega af því sem CBD gerir fyrir þá sem þurfa á efninu að halda. Við bræðurnir erum báðir á byrjunarstigi gigtar og lék það stórt hlutverk þegar kom að því að ákveða að flytja inn CBD-vörur. En það var ekki aðalástæðan, því okkar markmið var að vera til staðar fyrir þá sem þurfa á CBD að halda. Að efla heilsu og styrkja heilbrigðismál landsmanna.“

CBD-vörurnar hjá Satíva Líf koma aðallega frá Þýskalandi og Slóveníu, en listinn yfir vörur fer ört stækkandi. Þýsku vörurnar heita Valeo-Care skin therapy og eru fyrir þá sem glíma við exem, psoriasis, bólur eða önnur húðvandamál. „Slóvensku vörurnar eru aðallega tannkrem, munnskol, smyrsl og Dr. Kent, sem hafa reynt mjög vel. Þá erum við með krem fyrir þreytta fætur, krem fyrir íþróttafólk og glucosamine CBD, sem er notað við slitgigt og öðrum bólgusjúkdómum í liðum. CBD-vörurnar okkar eru framleiddar eftir ströngum reglum Evrópusambandsins. Þær eru allar skráðar í CPNP og hafa verið rannsakaðar af þriðja aðila. Enn sem komið er megum við flytja inn CBD-snyrtivörur og -krem en ekki olíuna sjálfa. Það er eiginlega alger synd því að CBD-olían sjálf, óútpýnt, getur hjálpað svo mörgum sem þurfa á



því að halda. Við vonumst til þess að þessu verði breytt í löggjöfinni bráðlega.

Þó svo að CBD geti verið sérlega hjálplegt í mörgum tilfellum og geti haft gríðarlega jákvæð áhrif á ýmsa kvilla, þá viljum við samt taka það fram að þetta er alls engin töfralausn. CBD er alls ekki ætlað til þess að greina, meðhöndla, lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma og alls ekki hugsað til þess að koma í staðinn fyrir hefðbundin lyf. Þá eru ekki allir sem geta notfært sér CBD. Fólk bregst afar misjafnlega við CBD og þeim mismunandi plöntum sem CBD er unnið úr.“

Flott framtak

„Við reukum Satíva Líf á Akureyri og planið er að opna aðra verslun í Reykjavík á þessu ári ef allt gengur eftir. Við höfum fengið gríðarlega góðar viðtökur hér fyrir norðan. Fólk hefur komið sérstaklega við hjá okkur til þess að hrósa okkur fyrir að taka það skref að opna CBD-verslun á Íslandi. Margir koma inn til þess að skoða hvað vörur við erum með og þegar við höfum útskýrt fyrir fólki hvað CBD er, þá segir fólk: „Flott framtak“.

Hægt er að skoða vörurnar frá Satíva Líf ehf. á sativa.is

Einnig er hægt að hringja í síma 466-3400 eða senda tölvupóst á sativa@sativa.is





KRÚSKA:

Næring fyrir líkama og sál

Hjá Krúsku við Suðurlandsbraut færðu meinhollan og ljúffengan skyndibita gerðan frá grunni af ást og umhyggju.

Skyndibiti, og þó?

Maturinn á Krúsku er eingöngu skyndibiti í þeirri merkingu að þú færð matinn fljótt. „Maturinn er að mestu leyti tilbúinn í borðinu hjá okkur. Stundum þarf rétt að skella á pönnu til þess að steikja eða hita upp. Stuttur biðtími gerir Krúsku að hinum fullkomna hádegisverðarstað. En við erum líka með opið á kvöldin til kl. 21.00. Að öðru leyti á maturinn fátt skylt við hefðbundinn, óhollan og feitan skyndibita,“ segir Guðrún Helga, framkvæmdastjóri Krúsku. „Stefnan hjá Krúsku er og hefur ávallt verið að gera allt frá grunni og nota einungis hreint og næringarrikt hráefni í matinn. Uppskriftirnar eru þróaðar af Steinari Þóri Þorfinnssyni, matreiðslumeistara og eiganda Krúsku. Allt brauð, allar sósir og allar maríneringar eru gerðar á staðnum. Fiskurinn kemur á hverjum morgni og við vitum aldrei hver fiskur dagsins er, fyrr en fisksalinn kemur með hann í hús. Með því að borða hreint þá líður okkur betur í líkamanum.“

Meiri umhverfisvernd og minni matarsóun

Það er ekki bara gott fyrir líkamann að snæða matinn hjá Krúsku heldur er það ekki síður gott fyrir sálina. „Við hjá Krúsku vinnum gegn matarsóun

með því að nýta allt hráefni sem til er og henda helst engu. Þá er okkur annt um umhverfið og notum eingöngu endurnýtanlegar og umhverfisvænar umbúðir. Við viljum halda plastnotkun í algeru lágmarki og erum t.d. ekki með plastpoka í ruslatunnunum okkar.“

Spennandi og síbreytilegur matseðill

Matseðillinn á Krúsku er síbreytilegur, en í grunninn er um sömu réttina að ræða sem vixlast dag frá degi. „Við erum með nokkrar grunnuppskriftir að kjúklingi, nokkrar af súpum og líka grænmetisréttum, en svo skiptum við út réttum á matseðli eftir því sem til er hverju sinni. Á hverjum degi bjóðum við upp á rétt dagsins á 1.790 kr. Hann er aldrei sá sami, enda erum við þá að nýta það hráefni sem við eigum til.“ Skoðuðu matseðil dagsins á vefsíðunni kruska.is.

Mötuneyti og fyrirtækjapjónusta

Krúska sér um mötuneyti í nokkrum framhaldsskólum og grunnskólum. „Stefnan er alltaf sú sama hjá okkur. Hreint og næringarrikt hráefni, allt gert frá grunni, hollur og góður matur fyrir ungmenni sem eru að vaxa og þroskast.“ Einnig býður Krúska fyrirtækjum upp á mataráskrift. „Þá eldum við matinn og sendum til hinna ýmsu fyrirtækja. Við bjóðum starfsmönnum upp á fjölbreyttan matseðil með alls konar mat sem höfðar til flestra. Þetta er

að sjálfsgöðu allt gert á staðnum úr besta hráefni sem hægt er að fá.“

Veislupjónusta

Krúska sér einnig um veislumat fyrir fyrirtæki og einstaklinga. „Við sjáum um allt frá mat fyrir fundarhöld til veislukrása fyrir brúðkaup og stærri veislur. Hver einasti biti frá okkur er handgerður úr besta mögulega hráefni. Þú finnur hvernig bakka frá okkur með frosnum heilðsölusnittum. Þetta er alvöru matur úr alvöru hráefni.“ Á vefsíðunni má finna tillögur að veislumat fyrir ýmiss konar tilefni. „En við tökum að sjálfsgöðu við öllum séróskum. Þá er bara að hafa samband við okkur í síma 557-5880 eða í tölvupósti kruska@kruska.is og við gefum þér verðhugmynd.“

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni kruska.is
Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík.
Opnunartími: 11–21 alla virka daga.
Sími: 557-5880
kruska@kruska.is
Facebook: Krúska ehf.





BABYBREZZA:

Fullkomin pelamjólk og heimatilbúinn barnamatur með engri fyrirhöfn

Heildsalan Extra sf. byrjaði að bjóða upp á vörur frá framleiðandanum BabyBrezza árið 2015. Þá voru vörurnar frá þessum gæða barnavöruframleiðanda nýkomnar í sölu í Evrópu. BabyBrezza hefur hægt og rólega verið að ryðja sér til rúms á meðal íslenskra foreldra enda er um að ræða frábærar vörur í hæsta gæðaflokki sem hjálpa til við að einfalda foreldrahlutverkið.

Fullkominun í pelaformi
Pelavélarnar frá BabyBrezza eru alger himnasending fyrir foreldra

með börn á þurrmjólk. BabyBrezza Formula Pro Advanced er ný endurgerð af eldri gerð pelavélar. Nú er BabyBrezza enn betur í stakk búin til þess að hjálpa þér við foreldrahlutverkið á hverjum degi.

BabyBrezza Formula Pro Advanced virkar með yfir fimm hundruð mismunandi þurrmjólkurtegundum. Rafrænar stillingar auðvelda þér að stilla saman vélinu og þurrmjólkurtegundina. Þú einfaldlega fyllir á vatnstankinn og þurrmjólkurtankinn og velur hitastigið og rétta stillingu út frá

þurrmjólkurtegund. Vélin sér svo um að blanda mjólkina í réttu hitastigi. Engin froða, rétt hitastig og ekkert vesen.

Heimatilbúinn barnamatur á nokkrum mínútum


Það er engin fyrirhöfn að búa til sinn eigin barnamat með BabyBrezza FoodMaker Deluxe. Matvinnsluvélin gufusýður og blandar barnamatinn í einni og sömu vélinni og í sama hólfinu. Það eina sem þú þarft að gera er að skera niður grænmeti og ávexti og setja í vélinu. BabyBrezza FoodMaker Deluxe sér um

afganginn.

Þú hefur fullkomna stjórn á því sem er í barnamatnum. Það er auðvelt að þrifa vélinu og enn fremur má setja hnífinn og matarhólfið í uppvottavélinu. Endurnýtanlegar skvísur, sem auðvelt er að fylla á, fylgja með.

Söluaðilar eru Tvö lif, Ólavía og Óliver, Lyfja og Græni unginna á Akureyri.

Nánari upplýsingar má nálgast á babybrezza.com og Facebook: [BabyBrezza Ísland](https://www.facebook.com/BabyBrezzaIsland)



FRAMTÍÐARBÓKHALD UNICONTA:

Það hefur aldrei verið ódýrara að skipta um bókhaldskerfi!

Uniconta mætast nýjasta tækni og áratuga reynsla. Útkoman er eitt hraðasta, einfaldasta og hagkvæmasta bókhaldskerfi veraldar," segir Ingvaldur Thor Einarsson, framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi. Uniconta er sjötta bókhaldskerfið úr smíðju Eriks Damgaard sem hefur oft verið nefndur konungur bókhaldskerfanna. Uniconta kom fyrst á markað 2016 og hefur farið sigurför um heiminn síðan þá.

„Erik hefur unnið í 35 ár við að hanna hið fullkomna bókhaldskerfi. Hann er maðurinn á bak við Concorde XAL og Axapta en það síðarnefnda er flaggskip hugbúnaðarrisans Microsoft," útskýrir Ingvaldur.

„Eftir að hann lét af störfum hjá Microsoft sá Erik að með nýrra tækni myndi skapast sóknarfæri á bókhaldsmarkaði og hóf þróun á Uniconta. Það byggir á gömlum gildum en keyrir á nýjustu tækni. Önnur kerfi komast ekki með tænar þar sem Uniconta er með hælana þegar kemur að virkni og hraða. Kerfið er skýjalausn þar sem öll gögn eru vistuð í ISO-vottuðu skýjaumhverfi en notandinn vinnur með gögnin í gegnum hugbúnað eða smáforrit á tölvu eða snjalltæki," upplýsir Ingvaldur um Uniconta sem er einstaklega notendavænt og getur sparað notendum hundruð vinnustunda á ári.

Kerfi sem þú lagar að þínum þörfum

Uniconta inniheldur fjölmargar kerfiseiningar og uppfyllir þannig kröfur fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Í grunninn er Uniconta fjárhagsbókhaldskerfi en við það bætast viðskipta- og lánardrottnakerfi, eignakerfi, birgða-, framleiðslu- og vörustjórnunarkerfi, verkþókhalds- og tímaskráningarkerfi, innheimtukerfi og CRM. Grunnáskrift að kerfinu inniheldur fjárhags-, birgða-, lánardrottna- og viðskiptavinakerfi með sölureikningum

og svo er kerfiseiningum bætt við eftir þörfum. Einfalt er svo að tengja önnur kerfi við Uniconta.

„Uniconta er frábær valkostur fyrir íslensk fyrirtæki, eykur skilvirkni í rekstri og bætir yfirsýn. Auðvelt er að flytja bókhaldsgögn úr eldri kerfum yfir í Uniconta sem gerir innleiðingu einfaldari og ódýrari en áður hefur þekkt. Kerfið hentar breiðum hópi viðskiptavina en á meðal fyrirtækja sem nota Uniconta sem heildarlausn í rekstri sínum eru fyrirtæki í smásölu og heildsölu, framleiðslufyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki, fasteignafélög, félagsamtök, bókhaldsstofur og verktakafyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt. Þarfir fyrirtækja eru afar ólíkar en Uniconta mætir þeim með skilvirkum hætti," segir Ingvaldur.

Uniconta byggir á nýjustu tækni frá Microsoft og forritaskilum (API). Því er einfalt að láta gögn flæða á milli Uniconta annars vegar og til dæmis launakerfa, vefverslana og bókunarkerfa hins vegar. „Uniconta sem skýjalausn skilar gögnum mun hraðar en bókhaldskerfi sem eru á gagnþjónum fyrirtækja. Gögnum er þjappað á snilldarlegan hátt þegar þau eru sótt eða send í skýið. Þá er mjög fljótlegt að setja upp gagnvirka tengingu t.d. í Excel sem keyrir á raungögnum úr Uniconta og í dag eru á annað hundrað lausnir sem bjóða upp á fullkomna samþáttun við Uniconta," upplýsir Ingvaldur.

Fullkomið bókhaldskerfi frá 2.995 krónum á mánuði

Ingvaldur segir stóra ákvörðun fyrir fyrirtæki að skipta um bókhaldskerfi enda hefur það til þessa reynst mörgum flókið, seinlegt og kostnaðarsamt. „Það þarf þó engum að vaxa í augum að innleiða Uniconta. Það tekur frá einni klukkustund fyrir minni fyrirtæki upp í fáeinar vikur fyrir stórfyrirtæki þar sem ráðgjafar frá okkur eða samstarfsaðilum okkar vinna með fyrirtækinu. Þá er farið yfir alla ferla og kerfið lagað að ferlunum,

sem er töluverður munur frá stærri bókhaldskerfum þar sem innleiðing getur tekið frá þremur mánuðum upp í heilt ár, og kostnaður í samræmi við það." Uniconta er hugbúnaðarlausn í áskrift þar sem lægsta mánaðargjald er 2.995 krónur án virðisaukaskatts, en sú áskrift hentar einrykjum og aðilum í einföldum rekstri. Fyrir stærri félög með um 100 notendur er áskriftargjaldið 7.995 á notanda en þá eru allar kerfiseiningar innifaldar.

„Bókhaldskerfi hafa aldrei verið ódýrari. Viðskiptavinir sem skipta yfir í Uniconta ná að jafnaði fram 50 prósentu sparnaði í rekstrarkostnaði bókhaldskerfis og að auki ná fyrirtækin fram gríðarlegri hagræðingu með breyttu verklagi og aukinni sjálfvirkni. Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna heldur viljum við líka hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna. Hjá meðalstóru fyrirtæki fara hundruð klukkustunda í innslátt og meðhöndlun fylgiskjala í hverjum mánuði, en nú bjóðum við lausn sem les upplýsingar af fylgiskjöllum á stafrænu formi og færir inn í rétta reiti í kerfinu. Það sparar innsláttarvillur og fækkar mistökum," segir Ingvaldur um Uniconta sem er í stöðugri þróun. Í dag styður kerfið alla gjaldmiðla og les sjálfkrafa gengi á mörkuðum og gengismunafærslur færast sjálfkrafa sem sparar mikla yfirlegu.

Frábærar viðtökur á Íslandi

Uniconta kom á markað á Íslandi í byrjun árs 2017 og var strax tekið fagnandi enda viðskiptalausn á heimsmælikvarða sem styður nú þegar 30 tungumál og alla gjaldmiðla. Fjöldi notenda hér á landi er kominn vel á annað þúsund og íslensk fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum nota nú Uniconta til að halda utan um fjármál, rekstur, birgðir, framleiðslu og verk," upplýsir Ingvaldur. Uniconta er staðfært að íslenskum aðstæðum með tengingum við vefþjónustur

RSK og banka, sendingu og móttöku rafrænna reikninga auk EDI samskipta fyrir smásölu- og heildsöluverslun.

Ingvaldur segir mörg íslensk fyrirtæki enn nota gömul eða úrelt bókhaldskerfi með tilheyrandi kostnaði og takmörkun á framleiðni. „Mörg bókhaldskerfanna voru smíðuð á síðustu öld þegar tækniumhverfið var allt annað og nettengingar hægar og dýrar. Þau kerfi byggja því á gamalli tækni sem verður víða að flöskuhálsi og notendur þurfa að vinna í gegnum fjarvinnsluviðmót sem var ásættanlegt fyrir áratug en er ekki bodlegt í nútímaumhverfi," útskýrir Ingvaldur.

„Á hinum enda markaðarins eru svo stór kerfi, eins og Dynamics AX, sem einnig eru komin til ára sinna. Þau kerfi eru dýr í innleiðingu og uppfærslur dýrar og flóknar. Uniconta er hins vegar skýjalausn sem uppfærast sjálfkrafa og því skynsamlegasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki sem þurfa aldrei frammar að ráðast í kostnaðarsamar uppfærslur."

Ljóslestur fylgiskjala

Með ljóslestri fylgiskjala (OCR) veður innsláttarvinna að mestu sjálfvirk. Taka má mynd af fylgiskjali eða áframsenda fylgiskjöl á t.d. .pdf- eða .jpg-formi inn í kerfið. Gervigreind sér svo um að lesa inn upplýsingar af fylgiskjalinu, stofna lánardrottna, færa inn reikningsnúmer, dagsetningar, fjárhæðir og greiðsluskilmála. Þannig hverfur handavinnan og hætta á innsláttarmistökum. Fylgiskjalið vistast í kerfinu og tengist öllum færslum og hægt er að kalla það fram með skjóttum og öruggum hætti án þess að þurfa að blaða í gegnum bréfabindi.

Uniconta Ísland er í Hlíðarsmára 2.
uniconta@uniconta.is.
Sjá nánar á uniconta.is





8 hagnýt ráð til að hafa í huga við gerð ferilskrár

Ekki láta afskrifa þig strax ■ Láttu djammmyndir og sjálfur eiga sig

Þegar sótt er um starf þá þarf í flestum, ef ekki öllum, tilvikum að láta ferilskrá fylgja umsókninni. Ferilskráin er stutt kynning á þér og hvað þú hefur fram að bjóða. Léleg ferilskrá og illa unnin getur gert að verkum að vinnuveitandi afskrifi þig strax á meðan góð ferilskrá getur aukið líkur á að þér verði boðið í atvinnuviðtal. Hér eru nokkur hagnýt ráð til að hafa í huga við gerð ferilskrár.

1 Passaðu lengdina

Það er ágætis viðmiðunarregla að hafa ferilskrána ekki lengri en 1-2 blaðsíður. Hafðu upplýsingarnar hnitmiðaðar og forðastu of ítarlegan og langdreginn texta. Uppfærðu ferilskrána þína eftir þörfum og gættu þess að laga hana að því starfi sem þú sækir um í hvert sinn. Með því að laga hana að hverri umsókn fyrir sig þá geturðu haldið textanum í skefjum með því að leggja áherslu á það sem skiptir máli fyrir starfið sem sótt er um, en sleppt eða aðeins komið lítillega inn á þau atriði, til að mynda varðandi menntun og starfsreynslu, sem bersýnilega hafa enga þýðingu fyrir starfið.

2 Íhugaðu að fá þriðja aðila til að lesa yfir

Það skiptir miklu máli að vanda málfar og stafsetningu í ferilskránni. Því getur það verið vel þessi virði að fá þriðja aðila til að lesa hana yfir, því betur sjá augu en auga. Notaðu góða íslensku og formlega.

3 Kynningarbréf

Þær upplýsingar sem skipta máli varðandi starf sem sótt er um, sem eiga ekki heima í sjálfri ferilskránni, getur þú haft með í kynningarbréfi sem hefið er fyrir að senda með umsókn. Í kynningarbréfi færð þú tækifæri til að kynna persónu þína og rökstyðja hvers vegna þú sért hæfur í starfið. Kynningarbréf á ekki að vera langt, helst á bilinu 200-400 orð. Kynningarbréfið þarf að miða við það starf sem sótt er um og á að gefa þér tækifæri til að sýna fram á að þú hafir á huga á þessu tiltekna starfi og hafir grunnþekkingu á starfsemi vinnuveitandans.

4 Uppsetning og letur

Það er mikilvægt að ferilskrá sé snyrtilega uppsett og að letur sé auðlesanlegt. Það má finna beinagrindur og form fyrir ferilskrár víða á netinu og jafnvel innbyggt í Word. Gættu þess að hafa textann ekki of stóran og ekki heldur of lítinn. Farðu sparlega með áherslu-letur á borð við skáletrun og feitletrun. Gott er að miða við 12 punkta letur og algengar leturgerðir eru til að mynda Times New Roman, Helvetica, Calibri og Cambria. Letur á borð við Comic sans á ekki heima í ferilskrá.

5 Á að hafa mynd?

Erlendis er ekki hefð fyrir því að láta mynd fylgja ferilskránni. Hins vegar virðist vera hefð fyrir því hér á landi. Ef þú ákveður að hafa mynd á ferilskránni þá getur margborgað sig að skella sér á ljósmyndastofu og fá vand-

aða passamynd. Láttu að minnsta kosti djammmyndir og sjálfur eiga sig.

6 Starfsferill

Ef þú ert með viðamikla starfsreynslu þá tilgreinir þú hana á undan menntun á ferilskránni. Hins vegar þarftu ekki að gera grein fyrir hverju og einasta starfi sem þú hefur gegnt á lífsleiðinni. Barnapössun á unglingsaldri og unglingsvinnan eiga ekki heima á ferilskrá hjá manneskju á fertugsaldri en ættu hins vegar heima á ferilskrá hjá ungmenni. Greindu helst frá þeim störfum sem þú hefur gegnt síðustu 10-15 árin. Við hvert starf er gott að taka fram hvaða ábyrgð þú barst í starfi eða hvernig verkefnum þú sinntir, sérstaklega ef það gæti skipt máli varðandi það starf sem þú ert að sækja um. Gættu þess þó líkt og áður að hafa textann hnitmiðaðan.

7 Menntun

Endilega taktu fram ef þú skaraðir fram úr í náminu, svo sem með því að tilgreina verðlaun sem þú hefur hlotið eða einkunnir.

8 Umsagnaraðilar

Það er mikilvægt að hafa meðmæli þegar sótt er um starf. Gætu þess þó að þeir einstaklingar sem þú tilgreinir séu samþykkrir því að veita meðmæli og séu ekki að fara að vinna gegn þér. Meðmælabréf tíðkast að einhverju leyti á Íslandi en þó er ekki ríkt hefð fyrir þeim. ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

SAKAMÁL



HÁLFS ÁRS RAUNIR S

■ Harry Pace glímdi lengi við veikindi ■ Hafði hótað sjálfsmorði ■ Beatrice sinn

Oft er haft á orði að hjól réttvísinnar snúist hægt og það fékk breska konan Beatrice Annie Pace að reyna á eigin skinni árið 1928. Þannig var mál með vexti að Beatrice hafði misst eiginmann sinn, Harry Pace, þann 10. janúar þetta ár. Hjónin bjuggu á Starveacre Farm í Bleak Moor í Gloucestershire þar sem þau héldu nokkrar ær og segir ekkert frekar af þeirra högum þar. Harry Pace hafði lengi verið heilsuveill og hafði að sögn iðulega haft á orði að hann þjáðist og að lífið væri ekki þess virði að lifa því. Enn fremur hafði hann hótað að innbyrða fjárbaðlyf, sem að mestu samanstóð af arseníki.

Í ljósi alls þessa taldi Beatrice að hinn lífsleiði 36 ára eiginmaður hennar hefði einfaldlega látið verða af hótun sinni.

Grunsemdir bróðurins

Í ljósi alls og alls var ekki fráleitt að ætla að Beatrice hefði rétt fyrir sér og hver veit nema að þarna og þá hefði málinu verið lokið, ef ekki hefði verið fyrir bróður Harrys, Elton Pace.

Elton sagðist muna að Beatrice hefði tíðum óskað þess að „sá gamli myndi deyja“. Elton grunaði Beatrice um græsku og víðraði þær grunsemdir sínar við lögreglu og sagði öllum sem vildu heyra að Beatrice væri morðkvendi.

Það varð úr að fyrirskipuð var rannsókn á líkamsleifum Harrys og fundust leifar af arseníki í þeim. Beatrice var kærð fyrir morð en naut mikillar samúðar almennings, svo mikillar að þess voru fá fordæmi þegar um var að ræða glæp sem varðaði dauðadóm.

Einangrun og endurtekin frestun

Nú tóku við fyrrnefnd hjól réttvísinnar og í fjóra mánuði var Beatrice haldið í einangrun í Harrow, en fátt annað gerðist. Í lok varðhaldsins var Beatrice loksins ákærð fyrir að hafa orðið eiginmanni sínum að aldurtíla með eitri.

Þá tóku við enn frekari hörmungar hjá ekkjunni. Réttarrannsókninni var frestað og síðan frestað enn á ný og Beatrice varð ásynnd hörmungar.

Ítrekað bugaðist hún undan álaginu og langvarandi yfirheyrslum og að lokum missti almennigur, sem hafði fylgst með málinu af miklum áhuga, þolinmæðina.

Þess var krafist að réttað yrði yfir Beatrice án tafar eða henni sleppt – þessi meðferð væri ekki nokkurri manneskju bjóðandi.

Slæmur eiginmaður

Það varð úr og málflutningur hófst. Sækjandi í málinu sagði að Beatrice hefði vissulega elskað eiginmann sinn, en hefði mátt þola 19 ára hjónabandseymd. Hún hefði verið einkar falleg, ung kona þegar hún, sautján ára að aldri, giftist Harry, en hjónabandssælan hefði orðið skammlíf.

Harry ku hafa látið hendur skipta oft ar en einu sinni og oft ar en tvisvar, meðal annars skömmu áður en Beatrice ól eitt barna þeirra.

The People
Einangrun
og stífar
yfirheyrslur
nánast
buguðu
Beatrice.

THE PEOPLE, SUNDAY, MARCH 25, 1928.

“QUESTIONED
TILL I COULD
HAVE SCREAMED.”



MRS. PACE.

FARMER'S WIDOW

TELLS OF

WORST 13 HOURS

IN HER LIFE.

The Home Secretary's promise to make inquiries into the suggestion that Third Degree methods were used by Scotland Yard in the case of Harry Pace, the Forest of Dean farmer, who is believed to have

Það kom, að sögn lækna, þó ekki í veg fyrir að Beatrice hefði sinnt Harry af alúð í langvinnnum veikindum hans. Hún hefði að lokum komið honum á sjúkrahús, en Harry hefði krafist þess að fara heim, sem varð raunin. Beatrice hefði þá haldið áfram að annast um hann af sömu ástúð og fyrr.

Tryggð og umhyggja

Svo komu jólnin árið 1927 og Harry elnaði sóttin. Fyrir dómi sagði læknir frá því

hvernig Beatrice fór um fimm kílómetra leið, fótgangandi í gegnum hnéháan snjóinn, í kafaldsbyl til að sækja hann og síðan sömu leið til baka.

Elton Pace gaf ekki mikið fyrir þessa frásögn læknisins eða aðrar sem báru Beatrice gott vitni. Hann sagði fullum fetum að þessi tryggð og umhyggja af hennar hálfu væri leikaraskapur, og slíkt hið sama gilti um þá sorg sem hún sýndi í kjölfar dauða Harrys.

Beatrice, sagði Harry, vildi eiginmann sinn feigan og sakaði hana um að hafa verið með leynimakk svo hún fengi ósk sína uppfyllta.

Stuðningur almennings

Meðan á öllu þessu gekk innan veggja dómshússins átti sér stað ákveðin þróun utan veggja þess. Almennigur fór ekki í launkofa með stuðning sinn við Beatrice. Tilboðum um að sjá um börn



TAUVAVAZ

SAKLAUSRAR EKKJU

nti eiginmanni sínum af alúð ■ Var sökuð um morð af mági sínum



Ekkjan Beatrice Pace upplifði hálfis árs helvíti fyrir réttarhöldin.



Daily Sketch Fjöldmenni flyktist að dómhúsinu í Gloucester Beatrice til stuðnings.

Elton grunaði Beatrice um græsku og viðraði þær grunsemdir sínar við lögreglu og sagði öllum sem vildu heyra að Beatrice væri morðkvendi

Stuðningshróp ómuðu í hvert sinn sem Beatrice sást koma til dómhússins eða yfirgefa það

Pace-hjónanna rigndi inn sem og gjöf-um til barnanna. Stuðningshróp ómuðu í hvert sinn sem Beatrice sást koma til dómhússins eða yfirgefa það. Þúsundir flyktust til Gloucester og skipulagðar voru sérstakar ferðir til borgarinnar. Lögreglan hafði í nógu að snúast og iðulega kom fyrir að raðir hennar rofnuðu og kalla þurfti til liðsauka vegna fólks sem vildi sýna Beatrice stuðning.

Yfirlit og hjartaáfall
Mikill tilfinningahiti réð ríkjum og Elton var áreittur enda illa séður vegna framburðar síns. Eitt vitna ákærvaldsins féll í yfirlit og á öðrum degi réttarhaldanna fékk kona sem sat í kviðdómi hjartaáfall. Dómarinn vildi í lengstu lög koma í veg fyrir óþarflega langa þrautagöngu Beatrice og tafir og fyrirskipaði að lækni og hjúkr-

unarkona yrðu til taks fyrir kviðdóminn. Talið var að réttarhöldin stæðu í fjóra daga, en ákærvaldið þurfti hálfum degi betur til að ljúka sínum málflytningi og því ljóst að réttarhöldin drægjust eitthvað. Verjandi Beatrice sagðist engu hafa að svara fyrir hönd hennar, enda hefði sækjandi ekki sýnt fram á að Beatrice hefði byrjað eiginmanni sínum eitur. Þvert á móti hefði sækjandi undirstrikað tryggð ekkjunnar við eiginmann sinn sáluga.

Hátíðarstemning
Sækjandi sá sitt óvænna og lagði mál sitt í hendur dómara sem sagði að hann myndi mælast til sýknuúrskurðar af hálfu kviðdóms. Vart hafði hann sleppt orðinu þegar margir kviðdómara stóðu á fætur og mæltust til sýknu. Slíkur var asinn að ekki vannst tími til að leggja spurninguna formlega fyrir kviðdóminn. Fagnaðaróp þeirra sem voru innan dyra dómhússins bárust til eyrna fjöldans sem beið fyrir utan, sem taldi um 6.000 manns. Þar myndaðist hátíðarstemning og lúðrasveit lék þjóðsönginn. Beatrice Pace fékk að sameinast tveimur barna sinna sem höfðu beið í ofvæni í hliðarherbergi í dómhúsinu. Síðan fékk hún lögregluþyngd að bifreið og var, við gríðarlegan fögnuð viðstaddra, ekið til Galeford-þorps þar

sem hin börn hennar biðu. Þess má geta að í kjölfarið fór Elton Pace heim og lögreglan taldi að réttast væri að fylgja honum og öflugt lið úr röðum riddaralögreglunnar gerði það svikalaust fyrstu fimm kílómetrana.

Vinnubrögð gagnrýnd
Svona fór um sjóferð þá. Þann 6. júlí, 1928, eftir um hálfis árs vafstur, málalengingar, en einna helst athafnaleysi lögreglu og ákærvalds og vafasamrar meðferðar á Beatrice, kom á daginn að sannanir gegn henni voru engar, hvorki af hálfu ákærvaldsins, Scotland Yard, innanríkisráðuneytisins eða sérfræðinga á sviði lyfja og eiturs.

Lagt var til að vinnubrögð lögreglunnar yrðu tekin til gagnerrar skoðunar hjá sérstakri nefnd sem þá þegar var í burðarliðnum. Í leiðara Daily News var sú skoðun viðruð að vinnuferli dánardómstjóra og lögreglunnar allrar yrði kannað ofan í kjölinn. Dagblaðið Daily Mail tók í svipaðan streng í sínum leiðara og í honum var haft á orði að almenningur muni krefjast þess að tryggt yrði að enginn þyrfti að ganga í gegnum það sama og Beatrice Pace áður en að réttarhöldum kæmi. ■

MYND: GETTHY

Yfirlýsingaglaður Mikið hefur verið skrafað um múr Donalds Trump. Mynd: Getty Images



Landamæramúr Trump verður sá dýrasti í heiminum

■ Hver míla kostar að meðaltali tæplega 20 milljónir dollara ■ Rís ekki á methraða

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þetta er stór áfangi fyrir forsetann ... og enn mikilvægari áfangi fyrir landið okkar," sagði Chad Wold, starfandi ráðherra þjóðaröryggismála í Bandaríkjunum, fyrr í mánuðinum þegar hann fagnaði því að fyrstu 100 mílurnar (161 kílómetri) af landamæramúr Donalds Trump forseta á landamærunum við Mexíkó höfðu verið reistar. Hann hefði auðveldlega getað bætt við að múrinn markaði einnig annan stóran áfanga, að þetta yrði dýrasti múr sinnar tegundar í heiminum.

Hver míla hefur að meðaltali kostað tæplega 20 milljónir dollara eftir því sem kemur fram í stöðuskýrslu frá bandarísku tolla- og landamæralögreglunni CBP. Það kostar því sitt að koma upp stórum múr úr steypu og stáli á landamærunum að Mexíkó.

En það er meira en steypa og stál sem er notað í múrinn mikla, sem var eitt helsta kosningaloford Trump. Á honum er einnig komið fyrir hátæknibúnaði, til dæmis hreyfiskynjurum, myndavélum og ljóskösturum. Þá nær hann sums staðar

„Þið fáid múr ólíkan öllum öðrum. Hann verður sterkur, frábær múr.“

langt niður í jörðina en það er gert til að eiturlyfjasmyglarar og aðrir geti ekki grafið göng undir hann. Múrinn er einnig hærri en aðrir sambærilegir múrar en hann er rúmlega níu metrar á hæð og því þarf meira efni í hann. Það eykur síðan enn á kostnaðinn að ógirt svæði á landamærunum eru afskekkt og mörg ekki í vegasambandi. Því þarf að byrja á að leggja vegi að þeim til að geta flutt nauðsynlegt byggingarefni á staðinn. Þá er stór hluti af landsvæðunum í einkaeigu sem þýðir að semja þarf við landeigendur um kaup á hluta af jörðum þeirra.

Í valdatíð Georges W. Bush lét hann byggja múr eða kannski öllu frekar háa girðingu á hluta landamæra. Þá kostaði hver míla 3,9 milljónir dollara. Landamæramúrinn, sem Ísraelsmenn reistu á landamærunum við Vesturbakkann, er sá næstdýrasti í heiminum en hver míla af honum kostaði á milli einnar og fimm milljóna dollara.

Meiri áhersla á múrinn

Seinustu ummæli og aðgerðir Trump í tengslum við múrinn benda til að hann ætli að beina enn meiri athygli og krafti að múr-

num en hann telur hann mikilvægan lið í að tryggja sér endurkjör í forsetakosningunum í nóvember. Nú hafa enn fleiri milljarðar verið færðir úr ýmsum sjóðum ríkisins til byggingar múrsins og er því búið að tryggja byggingu mörg hundruð mílna til viðbótar á næstu tveimur árum.

„Þið fáid múr ólíkan öllum öðrum. Hann verður sterkur, frábær múr. Mjög stór og mjög sterkur landamæramúr verður reistur á metttíma og nú er búið að fjármagna hann að fullu. Er það ekki frábært?“ sagði Trump nýlega á kosningafundi í Milwaukee.

En múrinn rís ekki á neinum methraða því margra mánaða seinkun hefur orðið á verkinu, meðal annars vegna andstöðu jarðeigenda í Texas.

Þær 100 mílur sem hafa verið reistar fram að þessu hafa allar komið í stað eldri girðingar sem var kominn tími á að skipta út. Það er aðeins á einum kafla í Texas sem verið er að byggja múr á svæði þar sem ekki var áður girðing eða múr. Trump hefur lofað að búið verði að reisa um 700 kílómetra af múr fyrir forsetakosningarnar í nóvember, en meira að segja yfirmaður landamæraeftirlitsins, Mark Morgan, hefur efasemdir um að það náist. ■

Mörg líf á samvisskunnri Koufodinas var einn af leiðtogum hryðjuverkasamtakanna 17. nóvember (N17)

„Hann myrtri 11 manns, þar á meðal Bandaríkjamenn, og er fyrirmynd næstu kynslóðar hryðjuverkamanna.“

Gríska „Eiturhöndin“ lætur enn á sér kræla eftir 18 ár í fangelsi

■ Einn alræmdasti hryðjuverkamaður Grikklands ■ Vekur enn hræðslu margra

Áratugum saman var Dimitris Koufodinas eftirlýstur af yfirvöldum en hann var einn alræmdasti hryðjuverkamaður Grikklands. Hann afplánar nú fjölda lífstíðardóma fyrir 11 morð og hefur setið í fangelsi í um 18 ár. En þrátt fyrir að hafa setið svona lengi í fangelsi er hann ekki gleymdur og vekur hræðslu meðal sumra og nýtur stuðnings annarra. Ungir stjórnleysingjar dá hann og dýrka en samtímis eru yfirvöld húðskömmuð fyrir að láta hann njóta sérmeðferðar í fangelsi, sagt er að hann sé einhvers konar „lúxusfangi“.

Koufodinas, sem nú er 61 árs, var einn af leiðtogum hryðjuverkasamtakanna 17. nóvember (N17) sem störfuðu í rúma þrjá áratugi og skildu eftir sig slóða dauða og ótta. Ungir Grikkir, sem eru langt til vinstri í stjórnmálum, hafa margoft sýnt stuðning sinn við Koufodinas, meðal annars með því að efna til mótmæla og krefjast aukinna réttinda til handa honum. Síðast létu þeir að sér kveða í október á síðasta ári þegar fréttist að Koufodinas hefði verið neitað um að fá dagsleyfi úr fangelsi.

„Samstaða með pólitískum föngum er órjúfanlegur hluti af baráttu okkar gegn ríkisvaldinu og ríkisstuddum hryðjuverkum,“ sagði í yfirlýsingu frá stuðningsmönnum þessa nánast dulúðuga hryðjuverkamanns. Koufodinas er ein helsta fyrirmynd

öfgafyllstu hópanna á vinstri væng stjórnmálanna.

Líkt við ítalska og þýska hryðjuverkahópa

N17 var og er oft líkt við ítalska og þýska hryðjuverkahópa, til dæmis Rauðu herdeildirnar. Á árunum 1975 til 2002 stóðu N17 fyrir fjölda hryðjuverka í Grikklandi eða um 100 talsins. Um var að ræða sprengju- og skotárásir. Þær beindust gegn ríkisvaldinu en breskir, tyrkneskir og bandarískir stjórnarereindrekar létu einnig lífið í árásunum. Í heildina létust 23 í árásunum.

Koufodinas var handtekinn 2002 ásamt öðrum leiðtogum samtakanna. Ári síðar var hann dæmdur í margfalt lífstíðarfangelsi fyrir 11 morð. Fyrir tæpum tveimur árum var hann fluttur úr stærsta og öruggasta fangelsi landsins í Aþenu í minna fangelsi. Ástæðan var fyrirmyndarhegðun hans. Á undanförunum tólf mánuðum hefur hann sex sinnum fengið dagsleyfi úr fangelsi. Síðustu þremur umsóknum hans um dagsleyfi, sem hann sendi fyrir jól, var hins vegar hafnað.

Leyniþjónustan hafði árum saman reynt að komast á slóð N17 en án árangurs þar til 2002. Þá tókst það loks og allir helstu leiðtogar samtakanna náðust.

Fyrsta árás samtakanna var gerð í

Aþenu 1975 þegar þau drápu yfirmann skrifstofu bandarísku leyniþjónustunnar CIA í borginni. Síðasta stóra árásin var gerð 2000 þegar breskur hernaðarsérfræðingur var skotinn til bana. Grískir kaupsýslumenn, stjórnáamenn og bókaútgefendur voru einnig meðal skotmarka samtakanna.

Forréttindafangi

Koufodinas var aðgerðastjóri N17 og sá því oft sjálfur um að taka í gíkkinn. Hann þótti einstaklega fimur í meðhöndlun skotvopna og fékk því viðurnefnið „Eiturhöndin“. Hann hefur háð margar glímur við gríska réttarkerfið og oft skapast heitar umræður í fjölmiðlum landsins vegna þess. Yfirvöld hafa margoft verið gagnrýnd fyrir að meðhöndla hann sem „lúxusfanga“ og „VIP-fanga“. Hæst risu þessar bylgjur sumarið 2018 þegar Koufodinas var fluttur úr stærsta og öruggasta fangelsi Aþenu í lítið fangelsi úti á landi þar sem öryggið og gæslan eru ekki jafn mikil. Ástæðan var sú að hann hafði sýnt af sér fyrirmyndarhegðun í fangelsinu. Þetta vakti mikla reiði Grikkja, sem sumir höfðu misst ættingja og vini í hryðjuverkum N17, og þeir litu á þetta sem ögrun. Einnig gagnrýndu bandarísk, bresk og tyrknesk stjórnvöld þessa ákvörðun.

„Hann myrtri 11 manns, þar á meðal

Bandaríkjamenn, og er fyrirmynd næstu kynslóðar hryðjuverkamanna. Við forðæmum harðlega að hann fái dagsleyfi úr fangelsi og öll vægari form fangelsisvistar,“ sagði talskona bandaríska utanríkisráðuneytisins við þetta tækifæri.


Rouvikonas

Koufodinas er sagður vera í hávegum hafður hjá hópi sem nefnist Rouvikonas en hópurinn hefur margoft á undanförunum árum sýnt stuðning sinn við Koufodinas. Hópurinn er talinn einn sá öfgafyllsti af hópum stjórnleysingja. Hann er sagður njóta stuðnings margra háskólastúdenta en hópurinn reynir að afla sér nýrra liðsmanna í háskólum landsins. Þetta vekur áhyggjur hjá mörgum.

Hópurinn er meðal annars þekktur fyrir innbrot á skrifstofur stjórnmálamanna og í sendiráð. Tæki og innanstokksmunir hafa verið eyðilagðir og hatursorð máluð á vegg. Fyrir tveimur árum reyndu félagar hópsins að ráðast inn í ráðuneyti til að sýna stuðning sinn við Koufodinas eftir að honum var enn einu sinni neitað um dagsleyfi úr fangelsi og hafði þá hafið hungurverkfall.

Koufodinas hefur aldrei sagt að hann iðrist þess sem hann gerði, en hefur sagt að hann taki „pólitíska ábyrgð“ á verkum sínum. ■

Tímarvélín



Gamla auglýsingin

Helgarpósturinn - 27. febrúar 1986

Íslendingurinn sem festi á sig hluti með hugarorkunni

■ Afraunamaðurinn Njáll Torfason gat leikið á lögmál Newton ■ Vísindamenn gáttadír

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Úr sjónvarpsþætti Stöðvar 2, þar sem fylgst var með Njáli.

Þetta er bara einhver einbeiting sem ég get ekki gert mér grein fyrir," sagði Njáll Torfason afraunamaður í viðtali á Stöð 2 árið 1993. Það hafði þá vakið mikla athygli og eftirtekt þegar á ljós kom að Njáll var fær um festa á sig ýmsa hluti úr járni, postulíni og plasti, að því virtist með hugarorkunni einni saman.

Njáll var á þessum tíma orðinn þekktur afraunamaður og hafði nokkrum mánuðum áður sett tvö heimsmet. Hann hafði annars vegar tætt í sundur tíu símaskrár á 1,16 mínútum og hins vegar hafði hann gengið á grófum glerbrotum, sem voru brotin á staðnum og því gjörsamlega óslípuð.

Það sem kom Njáli á sporið var lítil frétt í Morgunblaðinu þar sem greint var frá Rússa sem var fær um að festa við líkamann alls kyns járnhluti.

Í júlí 1993 mætti Njáll á ritstjórn Morgunblaðsins til að sýna þessa ótrúlega hæfni. „Þegar ég las um manninn í Morgunblaðinu langaði mig til að vita hvort



LJÓSMYND/YOUTUBE

þetta væri hægt, því ég hélt eins og þú að þetta væri með lími eða einhverju. Ég uppgötvaði að þetta var ekkert mál fyrir mig," sagði Njáll meðal annars í samtali við blaðamann Morgunblaðsins. Sagðist hann hafa þreifað sig áfram með hluti eins undirskálar, kveikjara og litla barnabók, en hlutir úr áli hentust þó frá.

„Á meðan Njáll var að ná ró og einbeitingu var gengið úr skugga um að áhöldin væru ekki smurð með neinu sem gæti fest þau við líkamann. Sömuileiðis eftir sýninguna voru áhöldin skoðuð eftir



LJÓSMYND/YOUTUBE

Njáll showed his unbelievable skills in the University of Iceland today

og það fór ekki á milli mála að þau voru hrein.

Fyrst þegar Njáll reyndi að festa við sig hlutina féllu þeir svo til strax af líkamanum, en smám saman eftir því sem hann varð rölegri og gat náð meiri einbeitingu



Njáll heimsótti skrifstofur Morgunblaðsins í júlí 1993 og lék listir sínar. Ljósmynd/Tímarit.is

fóru hlutirnir að festast. Og þar kom að straujárn, postulínsdiskur, skeið og gafflar sátu fastir á líkamanum.

Eitt sinn missti hann skeiðina og eðlileg viðbrögð voru að kippast við, en samt sat straujárnið og diskurinn föst. Þegar sýningunni var lokið bað blaðamaður um að fá að taka annan gafallinn af og var ekki að finna að neitt væri á honum sem hugsanlega gæti fest hann við ennið. Tilfinningin var heldur ekki eins og um segulmagn væri að ræða," skrifaði blaðamaður Morgunblaðsins.

Sjálfur sagði Njáll að þetta væri ekki segulorka því segull heldur postulíni ekki föstu. „Ég veit ekki hvað þetta er, en ég hef alla tíð verið umvafin sérstakri orku," sagði hann meðal annars í samtali við blaðamanninn og bætti jafnframt við að hann hefði verið skyggn frá barnaldri. Það hefði háð honum alla tíð.

Hugsunin hefur hreyfíaf

Þetta sama ár birtist innslag í sjónvarpsþætti Stöðvar 2 þar sem Jón Ársæll og tókulið fylgdu Njáli eftir í einn dag þegar hópur fræðimanna við Háskóla Íslands gerði á honum tilraunir. Vísindamenn á rannsóknarstofu í lífeðlisfræði, fylgdust með Njáli gera kúnstir „sem fá hárin til að rísa á höfði manns“ eins og Jón Ársæll orðaði það. Þá voru viðstaddir kennarar í sálarfræði.

„Njáll hóf að gera þessar einstæðu tilraunir eftir að hafa lesið um rússneskan kraftaverkaman sem gat látið ýmisskonar búsaöld festast við líkama sinn. Það kom fljótlega í ljós að Njáll var enginn eftirbátur Rúss-

ans og reyndar bætti hann um betur. Njáll getur „haldið á“ ýmsum munum sem ekki eru úr járni, svosem leirdiskum og plasthlutum og meira að segja straujárn, sem Rússinn getur ekki. Í dag sýndi hann ýmsum vísindamönnum háskólans ótrúlega getu sína á þessu sviði," sagði Jón Ársæll við sjónvarpsáhorfendur. Þá var rætt við Guðmund Einarsson verkfræðing og leitað svara við hvaða kraftar þetta væru sem Njáll byggir yfir og brytu í bága við lögmál Newton um aðdráttarafið.

„Þetta er eitthvað fyrirbrigði sem ég myndi telja að væri tengt hugsuninni, „psychogenesis“, hún hefur hreyfíaf," sagði Guðmundur meðal annars. „Indverjar segja að heimurinn sé hugsun Guðs. Eins og þegar þú getur brotið glas með hugun þá er talið að þú setjir hugaröldur í gang, þannig að þær verða harmonískar við eðlistiðni efnisins sjálfs. Þegar þú hittir akkúrat á það, splundrast glerið. Þetta hefur verið gert undir eftirliti.“

Þá sagði Þór Eysteinnsson taugalífeðlisfræðingur að þetta væru „hlutir sem hann hefði ekki séð áður.“ Hann hefði að visu ekki gert mikið annað þennan dag en að fylgjast með Njáli leika listir sínar, og því hefði hann ekki rannsakað það sem fram fór. Hann sagðist því lítið geta sagt til um hvað væri þarna að baki. „En þetta er athyglisvert.“

Sjálfur sagðist Njáll „alltaf hafa fundið fyrir þessum krafti“ en aldrei dottið í hug að láta reyna á þennan kraft, ekki fyrr en hann sá mynd af fyrrnefndum Rússa. „Þegar ég prufaði þetta, þú hefðir átt að sjá til mín, ég hló svo mikið. Ég var svo hissa sjálfur.“ ■

GRAFÍSK HÖNNUN

**Lógó
bréfsefni
bæklingar
myndskreytingar
merkingar o.fl.**

**Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is**

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Endurgerðir í limbóí

Hvar eru Hollywood-endurgerðirnar sem okkur var lofað?

Það er talið vera ákveðinn heiður fyrir kvikmyndir þegar hlutlausir aðilar tryggja sér réttinn til að endurgera verknið fyrir stærri markað. Í íslensku kvikmynda-gerð er oft slegist um þennan heiður og hafa ófáar endurgerðir á íslenskum verkum verið sett-

ar á teikniborðið undanfarin ár. Þekktustu dæmin eru sennilega Contraband, Prince Avalanche og Benji the Dove svo dæmi séu nefnd, en til hefur staðið að blása til fleiri endurgerða á vestrænum velli. Skoðum aðeins þetta umrædda teikniborð og verkefnið sem eru bæði í vinnslu og limbóí.



Hvað varð um erlendan Erlend? Árið 2008 seldi Baltasar Kormákur réttinn á endurgerð kvikmyndarinnar Mýrin. Þetta var tveimur árum eftir útgáfu myndarinnar hér á landi og var það bandaríska framleiðslufyrirtækið Overture Films sem eignaði sér þennan rétt. Erlendis ber kvikmynduð saga Arnalds Indriðasonar nafnið Jar City og hefur ítrekað verið reynt að koma þessu verkefni af stað en verkfall handritshöfunda í Hollywood árið 2008 hafði mikil áhrif á þróun þessarar myndar.

Síðar fór Overture Films á hausinn og tók David Linde við keflinu, en hann var eitt sinn í forsvari fyrir Universal og kvikmyndafyrirtækið Focus en hefur nú stofnað nýtt framleiðslufyrirtæki. Árið 2012 var blásið nýju lífi í verkefnið og kom til greina að ráða Brian Kirk sem leikstjóra, en hann er þekktur fyrir aðkomu sína að Game of Thrones og spennmyndinni 21 Bridges. Staða bandaríska Mýrarinnar er enn óljós en upprunalega myndin hefur hlotið jákvætt umtal og eignast sterkan aðdáendahóp á liðnum árum. Ekki hefur komið til tals hvaða erlendu leikarar koma til greina í hlutverk lögglummannsins Erlends, sem Ingvar Sigurðsson túlkaði eftirminnilega.



Í stríði við fjármagnsaðila Þegar réttur til endurgerðar er tryggður er það sjaldan samasemmerki á bratta framleiðslu. Það vakti þó fljótt athygli í kringum jólin 2018 þegar leikkonan og leikstjórinn Jodie Foster tryggði sér réttinn á kvikmyndinni Kona fer í stríð frá Benedikt Erlingssyni. Heimildir herma að Foster hafi kolfallið fyrir upprunalegu myndinni og hyggst hún leikstýra, framleiða og leika aðalhlutverkið. Fjármögnun þessa verkefnis hefur hins vegar gengið hægar en aðstandendur hafa kært sig um. Verkefnið ku þó enn vera í pípunum hjá Foster og hennar teymi, en biðin gæti orðið lengri en upphaflega var ætlað.



Úr rökkri í dagsljósið Íslenska hrollvekjjan Rökkur verður endurgerð af framleiðslufyrirtækinu Orion Pictures fyrir bandarískan markað, en Erlingur Óttar Thoroddsen, leikstjóri og handritshöfundur upprunalegu myndarinnar, skrifar nýju útgáfuna. Kvikmyndaverið Orion Pictures var nokkuð stórt á níunda og tíunda áratug síðastu aldar og framleiddi gæðamyndir á borð við The Silence of the Lambs, Platoon, The Terminator, Amadeus og fleiri. Endurgerð myndarinnar verður dreift af fyrirtækinu United Artists og er framleiðsla búin að vera á fullu skriði, þótt enn eigi eftir að tilkynna frumsýningardag.

HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



Fangar selja Sjónvarpsþátturinn Fangar er fyrsta íslenska sjónvarpsþátturinn sem verður endurgerð í Hollywood, en rétturinn var nýlega seldur þangað. Fangelsisdrammaþættir hafa verið sérlega vinsælir undanfarin ár og hefur hvert framleiðslufyrirtækið á fætur öðru slegist um að tryggja sér eitthvað nýtt í þeim efnum. Staða endurgerðar er enn í fullum gangi og verður áfram, nema í ljós komi að bóla þrívíddardramageirans springi á næstu misserum.



Ekki réttur tími Stórrisarnir hjá 20th Century Fox tryggðu sér réttinn á sjónvarpsþáttaröðinni Réttur frá Saga Film. Þróun þessa verkefnis hófst árið 2012 og er í höndum framleiðandans Howards Gordon, sem kom meðal annars að gerð þáttanna 24 og Homeland. Búið var að gefa upp að heiti þáttanna yrði Ritter, en nokkrum árum síðar tók NBC við verkefninu og nefndi þættina Infamous. Sjónvarpsstöðin gerði þátturinn og var hann í umsjón þeirra sem standa á bak við þættina This is Us. Þrúfupátturinn var afhjúpaður snemma árið 2017 og fékk ekki samþykki til áframhaldandi framleiðslu. ■

J&S Watch co.
REYKJAVIK



101 32mm
Hvít skífa, rómverskar tölur, stálól

101 38mm
Hvít skífa, rómverskar tölur, stálól

101 Art Deco 32mm
Skelplötuskífa, krókóðílaól



101 10 ára 38mm
Kremuð skífa með strikum, brún strútsól



Islandus 44mm
Hvít skífa með rómverskum tölum, brún strútlöpp



Frisland Classic 42mm
Hvít skífa með rómverskum tölum, brún strútlöpp



Sif NART 1948 40mm
Blá skífa með tölum, brún kálfaól



Vínland GMT 41mm
Silfur skífa með rómverskum tölum, brún krókóðílaól



Islandus 44mm
Svört skífa með tölum, svört strútsól



Sif NART 40mm
Svört skífa með sjálflysandi tölum, gúmmíól



Islandus 1919 44mm
Svört skífa með sjálflysandi tölum, vísundaól



Frisland 1941 42mm
Blá skífa með sjálflysandi tölum, vísundaól

*Hjá Gilbert úrsmið sérhöefum við okkur í
úrsmíði, hönnun og framleiðslu úra*

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Umdeildasta matartrend ársins

Eftirrétturinn sem skiptir fólki í fylkingar

Verður það heitasta á þessu ári, eftir nokkur ár undir radarnum

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lj@dv.is



Matarsérfræðingar hafa kveðið upp sinn dóm um hverjir helstu straumar og stefnur í mat verða á árinu. Það vekur athygli að eitt af því sem spáð er mikilli velgengni er eftirréttarhummus, en hefðbundinn hummus er kjúklíngabaunamauk sem saman stendur vanalega af kjúklíngabaunum, tahíni, hvítlauk, sítrónusafa, ólífuoíu og salti. Maukið er afar vinsælt í Mið-Austurlöndum og borðað með ýmsum mat. Því reka eflaust margir upp stór augu yfir eftirréttarhummus, en það eina sem það á sameiginlegt með forrennara sínum eru kjúklíngabaunirnar.

Heimurinn heyrði fyrst um eftirréttarhummus í raunveruleikaþættinum Shark Tank, þar sem frumkvöðlar keppast um fjárfestingu auðjöfra. Í þættinum fengu stofnendur fyrirtækisins Delighted By fjárfestingu upp á sex hundruð þúsund dollara til að framleiða eftirréttarhummus í ýmsum bragðtegundum. Síðan þá hafa önnur fyrirtæki vestanhafs hafið framleiðslu á réttinum. Þetta hummusafbrigði hefur hins vegar ekki náð heimsfrægð enn og er því spáð að árið 2020 verði ár þessa undarlega eftirréttar.

Undarlegt er einmitt orð sem margir hafa um eftirréttarhummus. Ógeðslegt, viðbjóður og asnalegt eru önnur lýsingarorð sem hafa fallið um réttinn. Hins vegar eru einnig margir sem eru komnir á bragðið, telja þetta merkilegustu mataruppfirringu nútímans og líkja eftirréttinum við eiturlyf.

Það er leikur einn að búa til eftirréttarhummus heima fyrir og borða það með ávöxtum, snakki eða kexi, svo fátt eitt sé nefnt. Hér eru nokkrar hugmyndir að þessu einkennilega fyrirbrigði.

MYND: BITTER SWEET BLOG

Gott með ávöxtum
Smákökum-hummus er eins og kaka.



Smákökum hummus

- 370 g kjúklíngabaunir án safa
- 60–80 ml kókossmjólk
- 50 g hrásykur
- 2 msk. tahíni (eða möndlusmjör)
- 1 msk. vanilludropar
- 2½ tsk. kanill
- ¾ tsk. salt
- 100 g kókossykur
- ¼ tsk. cream of tartar (má sleppa)

Skolið kjúklíngabaunirnar vel. Setjið þær í matvinnsluvél eða blandara ásamt öllum hinum hráefnunum. Byrjið samt á að setja bara smá af kókossmjólk og bætið henni varlega saman við til að ná réttri þykkt. Blandið þar til maukið er kekkjalaust og best er að setja það í ísskáp í hálf tíma áður en það er borðið fram.



Margir möguleikar
Hægt er að skreyta banana-hummus með ýmsu.

Banana-hummus

- 425 g kjúklíngabaunir án safa
- 3 frosnir bananar
- 2–3 msk. próteinduft
- 2–4 msk. möndlumjólk
- 1 tsk. vanilludropar
- 1–2 msk. kókossykur eða annað sætuefni

Setjið allt í blandara og blandið þar til maukið er silkimjúkt og kekkjalaust. Fallegt Mjög girnilegt hummus.

MYND: MY FREE YOGA

MYND: A VIRTUAL VEGAN


Fallegt Mjög girnilegt hummus.



Kökudeigshummus

- 425 g kjúklíngabaunir án safa (skolaðar)
- ¼ bolli hveiti (bakað í ofni við 175°C í 5 mínútur)
- 2 msk. sykur
- 1 msk. hlynstróp
- 1 msk. vanilludropar
- ¼ tsk. lyftiduft
- 1/8 tsk. salt
- 1–2 msk. mjólk
- kökuskraut

Setjið öll hráefni í blandara eða matvinnsluvél, nema mjólkinna. Maukið í um mínútu og bætið mjólkinni varlega saman við þar til réttir þykkt er náð. Smakkið til og skreytið með kökuskrauti. Gott með ávöxtum Smákökum-hummus er eins og kaka.



Súkkulaði-hummus Næstum því eins og súkkulaðikaka.

Súkkulaði-hummus

- 425 g kjúklíngabaunir án safa
- 1 msk. hnetusmjör
- 3 msk. ólífuoíu
- ½ bolli kakó
- ½ bolli kókossykur
- 1 tsk. instantkaffi
- 1 tsk. vanilludropar
- ½ tsk. salt
- 2–4 msk. vatn

Setjið allt nema vatnið í matvinnsluvél eða blandara og blandið vel. Bætið vatninu varlega saman við þar til rétt þykkt næst.

FÍ FERÐAÁÆTLUN FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS 2020



Ég fer á fjöll!

Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands 2020 er komin út



Ferðafélag Íslands
www.fi.is



VELJIÐ STAÐ ÞAR SEM FAGMENNSKA ER Í FARARBRODDI

Auk hefðbundins réttindanáms bjóðum við upp á eftirfarandi námskeið:

- B-réttindi á íslensku, pólsku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Meiraprófsnámskeið á íslensku og pólsku
- Bifhjólanámskeið
- Endurmenntun atvinnubílstjóra
- Afleysingarmannanámskeið á leigubíl
- Rekstrarleyfisnámskeið leigubíla og fólks- og farmflutninga



Endurmenntun atvinnubílstjóra

Námskeið haldin alla
laugardaga frá
kl: 9:00-16:00

Pólsk Endurmenntun
hefst 1. mars (95code)

Fyrirtæki geta óskað eftir
sérnámskeiði fyrir hópa

Næstu meiraprófsnámskeið 5. febrúar 2020 / 4. mars 2020/ 1. apríl 2020 kl: 17:30




Ökuskólinn í Mjódd byggir á margra ára starfsreynslu í öllum greinum ökunáms

Skráning á námskeiðin fara fram á vefsíðu okkar www.bilprof.is

Ökuskólinn í Mjódd | Þarabakka 3 | 109 Reykjavík | bilprof.is | s. 567 0300 | mjodd@bilprof.is

Helgarkrossgátan



								draugur	hreti	blautan	
											↘
								mann bölið			
							spýtu				
							51		storm glens		
							vatnsfall	elska kona			
							útungun greind			fugl	3
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bömmuð	Krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	miskunn	líkams- hlutann	álpast	kostur					geimvera slælega	
		↘									↙
flenna					öngl	9	mjög bjarg				veggirnir
goð						mann	1	form staurar			
		tæpara strý								nef	5
		hvað? fuglar			hása bergmála					2 eins bareflin	
hann			piskur hljóðfæri			áunnið lagður					
málmur					kvendýrið rúmrusk						
		dýrahljóð					fuglar áflog				
borg				drabb	6					hlutanum	
	8	slæm trjáviður				öfug röð	4	spendýr 4 eins			
brall í bauk			nam þreytt				fljótur mataðist				
suð					ranglar seigla						aula
		klossar		skatt		öfug röð 2 eins			snös hníf		
þúfna- lúran							blik				
		skass öðlast						2 eins	kona veisla		
reið	2			öfug röð		galta					
tötra						þvala					7

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

			8		5	4	2	7
		7	2		3	9		5
	2	4	7		1			
7	4			8	6	1		
		8	9	1		7		4
	1			3			9	8
								1
9		1	3	7				6
2				5		3	4	

Erfið

	5							
		3		9			6	2
				6		5	3	8
9					1	3	4	
						7		
	3		2					
			9		5		8	
5					7			
1		9	6					4

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


Jóhann Pálmar Harðarson

Kapellustíg 7

113 Reykjaví

Lausnarorðið var SKELLIHLÁTUR

Jóhann hlýtur að launum bókina Draugsól: Þriggja heima saga



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Dag einn í desember

Vinningsbók er hægt að nálgast á skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

HÖFUNDUR: JOSIE SILVER, HERDÍS HÜBNER ÞÝDDI

Laurie trúir ekki á ást við fyrstu sýn því lífið er ekki bíómynd. En dag einn í desember, þegar hún er á heimleið með strætisvagni, kemur hún auga á hann í gegnum móðuna á rúðunni; hinn eina rétta. Hann mætir augnaráði hennar, andartakið er þrungin töfrum – en svo ekkur vagninn af stað. Laurie eyðir heilu ári í að leita hans – og finnur hann um næstu jól, þegar besta vinkona hennar kynnir nýja kærastann sinn fyrir henni.

Laurie reynir að láta lífið halda áfram og í tíu ár skarast leiðir þeirra Jacks gegnum vináttu og ástarsambönd, hjartasorgir og glótuð tækifæri, afneitun og erfiðleika. Saga þeirra er skemmtileg, hjartnæg og grípandi ástarsaga um örlög sem tvinnast saman og flækjast á ýmsa vegu á þyrnivegi hamingjunnar.

Josie Silver skrifar um rómantik og ást og skammast sín ekkert fyrir það. Hún kynntist mannum sínum þegar hún steig á fótinn á honum á afmældisdaginn hans og býr nú með honum í breskum smábæ ásamt tveimur ungum börnum þeirra og ketti. Dag einn í desember er fyrsta skáldsaga hennar og hefur þegar verið seld til margra landa.

Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir
30% afslátt
hjá eftirfarandi fyrirtækjum



DORMA



Fáðu framúrskarandi þjónustu
og skráðu eignina þína á
fastlind.is



Hlíðasmári 6



510 7900



fastlind.is



nyjaribudir.is



H A T J A N I D W F D V C I S Ö K D Q
 R P A N G I U N N O R I I L R S V X W N
 E N U N U K T P U R A S N L A A T E T W
 Y P A A I L M P S K M Ú N Í G L S P D X
 F G R K L T M E S L H H U T E C Á I K G
 I L G I B H E K I A A R S S V D R Z U R
 R P T F M B K S Z J L U T F R L H I Z U
 Á A D A I A S G O Z D F A Í U R D J A N
 D W T D N X L N M V S I D L G O B S H N
 L P P U H P A I H P S L A C I W L R C S
 E O Z O A M Z L C F K K K K S I E Q B K
 G E M X U K W K J E Ó V E S E Y O G I Ó
 G E T A O D S A N C L Q P H F W N D X L
 I Y R W R D K T W J A A P I C H Í V S A
 N K Q F X K F S D V K X N O L K Q H Q K
 G X J S O R M N R F E G I D S Y B J X E
 A V W V E F F I D I P U A L H S F Í L P
 R M J P Q P E E D Y P J G X U Y R O O P
 I D Í K S U G N Ö G N A R D H L M P P N
 Á V A X T A B Í L L I N N R R Q Q E P I



EINSTAKLINGSKEPPNI
 FRAMHALDSSKÓLAKEPPNI
 GANGA
 GRUNNSKÓLAKEPPNI
 GÖNGUSKÍDI
 HEILSA
 HLAUP
 HREYFING
 HREYFIRÁDLEGGINGAR
 KLIFURHÚSID
 KRAUMA
 LÍFSHLAUPID
 LÍFSTÍLL
 MARKMID
 PRIMALICELAND
 RÁSTVÖ
 SIGURVEGARI
 SKAUTAR
 SKEMMTUN
 SKÍDI
 SUND
 VINNUSTADAKEPPNI
 WORLDCLASS
 ÁVAXTABÍLLINN



**Landskeppni
 í hreyfingu**

Lífshlaupið




zonníc®

Virkar á
1 mínútu



Zonníc pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



„Þetta er það
erfiðasta sem
ég hef gert“

Boðuð í prufu fyrir stóra þáttaröð með hvítvöðung í fanginu - Fær í magann af meðvirkni við að ganga um rauða dregla og veifa til fólks

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Ágústa Eva Erlendsdóttir, leik- og söngkona, hefur verið viðloðandi skemmtanaíðnaðinn í rúman áratug. Hún fer með eitt aðalhlutverk í norsku þáttaröðinni *Beforeigners*, sem notið hefur mikilla vinsælda, samhliða því að syngja með hljómsveit sinni *Sycamore Tree*. Ágústa segist aldrei hafa verið ferilslega drifin þótt hún hafi sannarlega þörf fyrir að skapa það sem skemmti öðrum.

Ágústa leiddist inn á braut listarinnar fyrir talsverða tilviljun. Ferillinn varð langur og ótal verkefnum síðar landaði hún stóru hlutverki í sjónvarpsþáttaseríu

sem framleidd er fyrir HBO en fjölmargar leikkonur börðust um bitann. Þættirnir, *Beforeigners*, hafa notið mikilla vinsælda á Norðurlöndum en þeir verða frumsýndir á amerískum markaði síðar í mánuðinum.

„Þegar ég fékk fyrst boð um að koma í prufu var dóttir mín einungis tveggja mánaða. Mér fannst ég ekki geta farið með hvítvöðung til þriðja landsins á svo stuttum tíma svo ég afþakkaði boðið. Nokkrum mánuðum síðar fékk ég aftur tölvupóst frá framleiðanda þáttanna sem bað mig að endurskoða hug minn. Hann frétti að ég hefði búið í Noregi sem barn og talaði tungumálið – að endingu lét ég undan og mætti í prufuna. Daginn eftir fékk ég sím-

hringingu þar sem þau báðu mig um að koma út með næsta flugi, sem ég og gerði. Þá kom í ljós að það var þeirra allra síðasti dagur til að loka leikaramálum. Þar voru leikkonur sem höfðu verið í ferlinu mánuðum saman og voru orðnar þreyttar og pirraðar. Skiljanlega fannst þeim súrt að bæði ég og finnska leikkonan Krista kæmum nýjar inn á síðasta degi og yrðum ráðnar í hlutverkin. Þær voru ekkert síðri en við, þvert á móti, þarna voru algerar kanónur. Þau voru einfaldlega að leita að afmörkuðum persónueinkennum í þessi hlutverk sem við höfðum frá náttúrunnar hendi. Svona er þessi bransi stundum, hann getur virkað ósanngjarn og óskiljanlegur.“

Súrrealískur heimur býður upp á góða djóka

Ágústa segir fyrsta tökudaginn hafa tekið talsvert á taugarar.

„Þarna var verið að taka upp atriði í yfirgefnum bæ fyrir utan Ósló. Húsin voru hrörleg og þá ég við brotna glugga og mikinn sóðaskap. Þegar ég gekk niður að töku- staðnum til að forvitnast um hvað væri um að vera heyrði ég margar konur óskra og hlaupa um í annarlegu ástandi, sumar í rifnum fötum frá 1800, sem líktust gleðikvennafötum, sjúskaðar og reyttar eins og taugaveiklaðar hænur. Eftir því sem ég nálgadist húsið heyrði ég æ betur annarleg óskur og stundur berast út. Þetta líktist helst einhvers konar kynlífsorgúhljóðum svo ég staldraði við og sneri til baka, en í þann mund mætti ég kviknöktum manni með steinaldar tattú, vígtennur og bein í gegnum nefið. Hann heilsaði mér með djúpum, ógnvænlegum rómi og glotti út í annað. Ég viðurkenni að ég fékk þarna aðeins í magann og furðaði mig á því að hafa samþykkt að taka þátt í þessu verkefni þar sem ég hafði ekki einu sinni lesið allt handritið. Tilfinningin var eins og að ganga á glerhurð. Ég var auðvitað aldrei að fara að viðurkenna fyrir nokkrum manni að ég hefði ekki lesið handritið til hlítar svo ég brosti bara þarna og kinkaði kolli til mannsins, en hljóp svo sveitt beint inn í hjólhýsið mitt og hófst handa við að lesa handritið, með nakta manninn hlaupandi um fyrir utan, felandi sig í runnum.“

Aðspurð hvernig tökuferlið hafi gengið segir Ágústa leikhópin hafa fallið saman eins og flís við rass.

„Við áttum virkilega gott og ánægjulegt samstarf. Hlógum mikið, enda að leika í súrrealískum heimi sem bauð upp á góða djóka. Við vorum líka heppin með veður þótt það hafi orðið ansi kalt þegar komið var til Litháen. En það voru allir svo ánægðir að vinna fyrir HBO og mikil virðing borin fyrir öllum.“

„Dagurinn sem ég dó án efa erfiðastur“

Þættirnir fengu eins og þekkt er orðið glimrandi góða dóma og hafa gagnrýnendur keppt við að hæla öllum þeim sem að þeim komu. Ágústa heldur þó fast í hógværdöina en segist þakklát fyrir góðar viðtökur. „Við fengum fullt hús stiga bæði í Noregi, Danmörku og Svíþjóð samhliða því að setja áhorfsmet í niðurhali á þáttum í Noregi, en við unnum líka áhorfenda- verðlaunin þar í landi. HBO ætlar svo að frumsýna þættina í Ameríku frá og með 17. febrúar svo ég get fullyrt að ég hef aldrei komist í jafn mikla dreifingu og þetta verkefni ber með sér.“

Reyndi eitthvert atriði meira á þig en annað?

„Dagurinn sem ég var skotin var án nokkurs vafa erfiðastur. Þetta var ein löng sena, hlaup, texti, skot, leika að deyja, einræða og dauði – allt í einni töku. Og ég ítreka, þetta var bara ein taka. Tæknilegasta erfiðasta sena sem ég hef gert, leiklistarlega, andlega og líkamlega séð. Ég þurfti að æfa þetta aftur og aftur í higanum og halda mér í undarlega erfiðu ástandi allan daginn. Ég gætti þess að tala ekki við neinn nema áhættusprengjukallinn minn allan daginn sem tökuru fóru fram. Ég horfði á alvöru myndbönd af fólki vera skotið og drepið og stúderaði allt sem við því kemur, hvað gerist í líkamanum, hvenær og í hvaða röð. Ég vildi vita hvað lamast, fyrst út frá taugum, útlimum, heila, skynfærum og tali, í raun vildi ég vita hvað gerist þegar þú deyrð. Hvernig sársaukinn er og á hvaða tímum punkti adrenalínið kikkar inn. Hvenær þú raunverulega áttar þig á að þú hafir verið skotin og hvernig tilfinning þad er að vita að maður sé að kveðja, hvað þú segir og hvernig þú getir yfirhöfuð komið því frá þér. Leikaralega séð er þetta það erfiðasta sem ég hef gert en á sama tíma eitt af því sem ég er hvað stoltust af á mínum ferli. Ég fann það svo sterkt í eftirvinnslnunni að ég grét við að taka upp líkamshljóðin í

stúdíóinu, en þá stoppaði hljóðmaðurinn mig af og sagði: „It’s ok, I cried too, everybody cries when they see this““

Felur sig ekki á bak við gardínu

Upplifir þú þig sem þekkt andlit?

„Ég upplifi aldrei þessa tilfinningu að ég sé fræg, eins og ég ímynda mér að fólk sem vinnur ekki sambærilega vinnu sem felur í sér að vera áberandi á stórum skala hlýtur að upplifa. Ég er alltaf bara ég og það breytir því ekkert. Bruce Lee sagði einhvern tímann í viðtali þegar hann var spurður að þessu sama að það að vera stjarna eða vera kallaður stjarna væri bara hillung, tál-sýn, blekking, það væri ekkert slíkt til. Ég finn að sjálfsögðu fyrir því að fólk þekki andlitið á mér og sumum finnst jafnvel sem þau þekki mig, sem mér finnst ekkert að í sjálfu sér. Ég hef gaman af fólk og hef gaman af mannlegum samskiptum, en ég hef enga þörf fyrir að vera „idoliseruð“ enda er það bara hégómi sem ég kann alveg sérstaklega illa við. Ég tek takmarkað inn á mig, hvort sem það er neikvætt eða jákvætt. Ég er og verð alltaf bara þú sem ég er og á þeim stað sem ég er, það er það sem gerist innra með manni sem skiptir mann mestu máli og ég held að allir geti verið sammála því. Mér líður oftast óþægilega þegar verið er að hylla mig, frumsýningar og annað. Mér finnst meira gaman að skapa eitthvað sem ég er stolt af, ég flýtt svo bara í gegnum svona hátíðarhöld, brosi, er kurteis og reyni að vera ég sjálf en ekki fela mig bak við gardínu. Ef ég er með aðgerðarplan og tel verkefnið hafa tilgang og erindi fæ ég alltaf adrenalín svo best megi heppnast og að ég skili mínu til áhorfenda hvort sem það er að leika eða syngja, en þá er fókusinn á verkefninu sjálfu en ekki mér. Ég krullast hins vegar alveg upp í tánum og fæ í magann af meðvirkni ef ég á að ganga um rauða dregla og veifa til fólks, það er bara vandræðalegt.“

Hef aldrei verið með tékklista eða aðgerðaráætlun

Finnst þér þú ferilslega fullnægð?

„Ég hef vissulega þörf fyrir að skapa eitthvað sem skemmtir mér og öðrum, það kveikir í mér. Þegar maður svo lítur til baka sér maður veginn, en þá er það vegur sem maður er búinn að ganga. Ég geng þetta líf til að sjá meira og helst að njóta þeirrar stundar og fólksins sem ég er stöð með á þeim tíma. Það er vissulega oftast hægara sagt en gert, en það er markmiðið. Framtíðin er óskrifad blað og ég er vön að gera það sem mér þykir skemmtilegt, ég vona að ég haldi því áfram á þessari göngu minni.“

Ég er kaos í sjálfri mér og stundum líður mér eins og ég sé ekki beint að stjórna sjálf, heldur sé með stillt á „autopilot“ með inn-sæið sem kompás. Svo verður endalaust af fólk og hugmyndum á vegi manns sem maður hefur hugrekki til að hlusta á og

fylgja. Ég hef aldrei verið með neinn tékklista eða aðgerðaráætlun, ef mig langar að syngja, geri ég það, ef mig langar að koma einhverju á framfæri geri ég það. Ef mig langar að leika, þá bara geri ég það líka, en fæst af þessu gerir maður einn síns liðs. Ég hef verið svo lánsöm að hafa hitt fólk sem veitir mér innblástur og mig langar að eyða tíma með og búa til eitthvað skemmtilegt og spennandi. Annars á ég mér ævilangan draum, það er að vera hamingjusöm. Allt sem ég geri miðar að því.“

Einræðisherrann sá eini sem fær að syngja

Ágústa á tvö börn, þau Þorleif Óðin og Rebekku, en þau fylgdu móður sinni eftir meðan á upptökum Beforeingers stóð, bæði í Noregi og Litháen. Hún segir framleiðendur þáttanna strax hafa gert sér grein fyrir því að þeir væru að ráða fjölskyldu í verkefnið en ekki einstakling.

„Börn manns eru mikilvægasti hlekkurinn fyrir innihaldsríkt líf, ástin, kærleikurinn og tilgangurinn sem er innprentaður í okkur til að halda keðjunni. Að því sögðu er ég líka mikilvæg fyrir þau, til að framfleyta þeim á minn besta máta. Ég þarf að vera til staðar fyrir þau en líka fyrir sjálfan mig. Ef ég er ekki í lagi þá skortir ekki bara mig eitthvað heldur þau líka. Þau munu alltaf vera númer eitt, fram yfir vinnu og annað, en þau þurfa mest á mér að halda í góðu standi, því þá gef ég þeim mest af því sem þau raunverulega þurfa. Ég var svo heppin að hafa Davíð Illugason og Bryndísi, sem börnin mín elska og dá, með mér úti sem au-pair. Elínborg og Guðný vin-konur mínar flugu með mér út í prufurnar og Sveinn bróðir, Helga konan hans og mamma voru með mér á æfingafærlinu og önnuðust börnin mín, skemmtu þeim og menntuðu þegar ég var vant við látin. Þetta var því ekki síður auðgandi fyrir þau og allt miðað við þeirra þarfir. Við fengum bíl og íbúð og alla þá þjónustu. Framleiðendurnir gerðu sér fulla grein fyrir að þeir væru að ráða fjölskyldu í vinnu en ekki bara mig eina. Annars hefði ég slafað þessu verkefni.“

Það er óhætt að segja að Ágústa höfði mikið til barna enda blés hún ógleymanlega lífi í Línu langsokk samhliða því að syngja eitt lífseigasta lag allra teiknimynda, Þetta er nóg. Hún segir börnin sín lítið kippa sér upp við frægðarsól móður sinnar enda séu þau alin upp í samfélagi þar sem ekki er farið í manngreinarálit.

„Þau vita að þetta er vinnan mín og finnst það bara finn díll. Ég fæ fleiri frídaga en aðrir foreldrar og get unnið mikið heima, við erum þakklát fyrir það. Þeim finnst ég bara vera venjuleg mamma og fólk starfar við ólík störf, en ekkert starf er merkilegra en annað. Ef þau heyra mig syngja í útvarpinu þá er það bara stuð, en ég er frekar



pirrandi ef ég er að syngja heima, þar má bara ein manneskja syngja og það er litli einræðisherrann, dóttir mín.“

Mun aldrei upplifa neitt þessu líkt

Næsta verkefni Ágústu byggir einmitt á sönghæfileikum hennar en þann 14. febrúar mun hún efna til minningartónleika tileinkaða söngvaranum Prince sem haldnir verða á Hard Rock Café.
„Mig langaði að syngja eitthvað öðruvísi, eitthvað sem kveikir í mér og veitir innblástur. Mig langaði líka að spila með Ómari Guðjóns, vini mínum, en við höfum spilað mikið saman síðustu tíu ár. Valentínusardagurinn var í sjónmáli og þá dúkkaði Prince upp í hugann. Vissulega verðugt verkefni enda maðurinn með breiðasta raddsvið sem hugsast getur, söng mikið í falsettu og samdi tónlist fyrir aðra söngvara einkum konur. Ég sá fyrir mér að með réttri nálgun og rétta fólkmið mér við hlið gæti ég púllað þetta. Prince

var ekki mikið í norminu, hann blandaði saman fjöldanum öllum af ólíkum tónlistarstefnum, notaði óhefðbundna hljóma-samsetningu og fór óhefðbundnar leiðir í listsköpun sinni og framkomu sem og klæðaburði. Inntak tónlistarinnar var oftast en ekki andlegt og líkamlegt ástarsam-band.

Árið 2007 fór ég á fyrstu tónleikana með honum og stóð í um það bil 100 metra fjarlægð frá honum þar sem hann söng öll frægustu lögin sín og svo óheyrta efni inni á milli. Það var þá sem ég féll fyrir honum, líkt og ég hefði hitt Jesú Krist í holdi og blóði. Upplifunin var úr þessum heimi, algjörlega óskiljanleg. Ég veit að ég mun aldrei upplifa annað þessu líkt það sem ég á eftir ólífað. Ég sé fyrir mér að fólk komi í hópum, einstæðir og pör í bland, fái sér eitthvað gott í kroppinn og njóti ástarinnar og fái jafnvel smá innblástur og upplýftingu, höldum upp á ástina, er nokkuð betra en einmitt það?“



YFIRHEYRSLAN

Ég reyni að forðast kjallara

Rósa Rún Aðalsteinsdóttir, dansari og danshöfundur, stendur í ströngu um þessar mundir en hún dansstýrir sínum fyrsta söngleik sem frumsýndur verður í byrjun næstu viku. Rósa tekur nýjum áskorunum fagnandi enda leiðist henni endurtekin rútína, hún segist hafa gaman af lífinu og vera fljót að fyrirgefa. Rósa er í yfirheyrslu helgarinnar.

Hvar líður þér best? Í óskipulögðu skipulagi, í kringum ástvini þar sem frelsi og ævintýri mætast.

Hvað óttastu mest? Ég reyni að forðast kjallara, sérstaklega þá sem eru með blikkandi ljósaperu.

Hvert er þitt mesta afrek? Þegar ég kom syni mínum í heiminn, steinliggur. Annars er ég líka dugleg að standa með ákvörðunum mínum, það hefur komið mér langt.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér? Eitt sinn tók ég að mér að telja farþega í strætó í nokkrar vikur. Síðan þá geng ég frekar en að taka strætó.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni? Hvar eru lyklnir?

Hvernig væri bjórinn Rósa? Rússneskur „imperial stout“, hærrí í áfengismagni og keimur af þurrkuðum ávöxtum, kaffi og súkkulaði. Með öðrum orðum: hress en rómantískur.

Besta ráð sem þú hefur fengið? Ekki ætlast til neins af neinum. Besta ráð „ever“.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið? Ég á mjög erfitt samband við ryksugur og hef gert alla tíð. Svo já, að ryksuga.

Besta bíómynd allra tíma? Sweet Charity og Flashdance eru klárlega mínar uppáhalds.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir? Ég væri til í meiri þolinmæði í eldhúsinu.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið? Að leyfa mér að verða ástfangin, það fór vel.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér? „Less is more.“ Meira er alltaf meira.

Hvað geturðu sjaldnast staðist eða ert góð í að réttlæta að veita þér? Nudd.

Hvað er á döfinni hjá þér? Ásamt því að vera kenna framtíð Íslands dans hjá Jazzballettskóla Báru, þá er ég að dansstýra söngleiknum Alladín hjá Nemó. Hann verður sýndur í Austurbæ í byrjun febrúar. Mjög svo skemmtilegt verkefni með „sjúllað“ flottu fólki.



TUDOR rafgeymar

AGM þurrir rafgeymar
fyrir Start-Stop bíla



Viðurkenndir af öllum
bílaframleiðendum

Er snjósleðinn
tilbúinn fyrir
vetrarkuldann?



Betra start fyrir þig og þína

TUDOR
er hannaður til þess að þola
það álag sem kaldar nætur skapa.
Forðastu óvæntar uppákomur.

Veldu öruggt
start með
TUDOR

Við mælum
rafgeyma og
skiptum um
- Hraðþjónusta

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Settu upp hringa

Leik- og söngkonan Bryndís Ásmundsdóttir og hennar heittelskaði, Karl Magnús Gústafsson, settu upp hringa nú undir lok janúar. Stóra og veglega dökka hringa sem Bryndís birti mynd af á Instagram. Við myndina stóð einfaldlega: „Við“. Hamingjan ljómar af parinu en þau opinberuðu samband sitt um jólin 2018. Síðan þá hefur Bryndís, sem af mörgum er talin vera holdgervingur Tinu Turner, birt ófáar myndir af bónda sínum og þremur börnum, sem hún á úr fyrra sambandi, og því ljóst að framtíðin er björt.



Ellý teiknar Söru

Spákonan, flötþerapistinn og fjöllistakonan Ellý Ármannsdóttir hefur síðustu misseri vakið athygli fyrir teikningar sínar og málverk af nöktum kvenlíkamanum. Sumar myndir hafa verið ansi djarfar, sem á þó ekki við um nýjasta verkefni hennar. Hún fékk það verkefni að teikna mynd fyrir umbúðir á nýju poppi, svokölluðu próteinpoppi, sem kemur úr smiðju crossfit-stjórnunnar Söru Sigmundsdóttur. Ellý ákvað að teikna mynd af Söru sjálfri en þó ekki nakinni eins og Ellý sérhæfir sig í.



Sjónvarpsrisi veðjar á Símann og Sagafilm

Ný íslensk þáttaröð, Sisterhood, lítur dagsins ljós á næsta ári, en serían er framleidd af Sagafilm í samstarfi við sjónvarpsrisann Sky Studios og verður sýnd á Viaplay og í Sjónvarpi Símans. Um er að ræða þáttaröð í sex hlutum, en þetta er fyrsta verkefnið sem kemur úr samstarfs- og dreifingarsamningi Sagafilm við breska fyrirtækið Sky Studios sem skrifað var undir síðasta haust.


Jóhann Ævar Grímsson og Björg Magnúsdóttir skrifa handritið en leikstjórn er í höndum Silju Hauksdóttur. Þáttaröðin fjallar um Veru, rannsóknarlög-reglukonu sem fær í hendurnar dularfullt mál þegar beinagrind ungrar stúlku sem hvarf sporlaust fyrir tuttugu árum finnst í smábæ á Íslandi. Samstarfs-

félagar Veru telja málið einfalt en annað kemur á daginn þegar hópur af konum kemst í uppnám við fund beinagrindarinnar, hópur sem hefur þagað yfir ljótu leyndarmáli um morðið á þessari ungu stúlku.

„Með því að gera aðalumfangsefnið fullorðnar konur sem frömdu hryllilegan glæp í fortíðinni verður Sisterhood undirtegunð glæpaseríuflokksins, sem margir hafa spreytt sig á,“ segir Jóhann Ævar í viðtali við Variety. Pálmi Guðmundsson, hjá Símanum, segir í sömu grein að hann innsigli sjaldan samninga þegar seríur eru enn á frumstigi en að hann hafi gríðarmikla trú á sögunni og karakterunum á bak við Sisterhood. ■



Silja Hauksdóttir



Allt að sjötíu prósentu afsláttur af sýningarvörum

Í DAG, Á MORGUN LAUGARDAG OG SUNNUDAG, 31. JANÚAR TIL 2. FEBRÚAR

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN, OFL.



Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

